



Milljónir svelta

austur-afrika 20



Enski boltinn hefst á ný

fótbolti 26

Tvær mömmur betri en ein

fjölskyldan 2



spottíð 12

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

6. ágúst 2011
181. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt gæmsluhlutningi Kennisráðs Grænna og lífrænni 2011



Stefnir á Ólympíugull

Jakob Helgi Bjarnason, einn efnilegasti skíðamaður í Evrópu, skrifaði nýverið undir stóran samning.

skíði 18

Í lagi að vera reiður

Kristín Svava Tómasdóttir og Arnar Björnsson spjalla um íþróttir, ljóð og snuð.

rökstólar 22

Í undraheimi

Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir leikur í Galdrakarlinum í Oz.

krakkasíðan 32

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna



GENGIÐ TIL GLEÐI Undirbúningur fyrir Gay Pride 2011 hefur staðið yfir í marga mánuði og er búist við mörg þúsund þátttakendum. Eins og kunnugt er hefur verið ákveðið að breyta gönguleiðinni í ár, þar sem Laugavegur getur vart rúmað allan þann fjölda sem gerir sér glaðan dag með fjölskyldu sinni á hátíðinni. Þessar sænsku dömur komu til Íslands til að taka þátt í Gleðigöngunni og hlökkuðu mikið til.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Útboð tæknipjónustu skoðað

Árni Páll Árnason vill að ráðuneytum séu sett skýr markmið um sameiningu stofnana. Gerðir verði stofnanasamningar eða þjónusta skorin niður. Hann vill skoða hvort ríkið kaupi upplýsingaþjónustu á markaði.

EFNAHAGSMÁL Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, vill að skoðað verði hvort ríkisvaldið eigi að sinna upplýsingatækni með eigin starfsfólki. Betri leið geti verið að kaupa þjónustuna á markaði.

„Við getum búið til fjölbreyttari þjónustumarkað með því að ríkið skilgreini þau verkefni sem það vinnur sjálft og kaupi síðan þá þjónustu sem það þarf að auki.“

Hann segir hlutverk ríkisins að sinna ákveðnum kjarnaverkefnum, öðrum málum eigi að útvista og

„Þarf ríkið að vinna öll verkefni sem það sinnir í dag? Við þurfum að skoða hverju væri betur fyrir komið annars staðar.“

ÁRNI PÁLL ÁRNASON
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

koma á markað. Markmiðið sé að veita góða þjónustu og helst betri. Umfang rekstrarins verði að endurhugsa og eins kostnað við hann.

„Það eru margar leiðir til og við

þurfum að velta öllu fyrir okkur. Þarf ríkið að vinna öll verkefni sem það sinnir í dag? Við þurfum að skoða hverju væri betur fyrir komið annars staðar. Í því felast einnig tækifæri. Við getum til að mynda stutt við atvinnulífið með því að fela því að sinna stöð- og tæknipjónustu.“

Árni Páll segir að setja verði skýr markmið um sameiningu stofnana og ráðuneytin verði að fara eftir þeim. „Þetta verður að vera niðurneglt og ófrávikjanlegt, menn mega ekki ýta þessu á undan sér. Ráðu-

neytin verða að standa frammi fyrir því vali að annaðhvort sameini þau stofnanir eða skeri niður þjónustu.“

Nýlegir kjarasamningar höfðu í för með sér mikinn verðbólguþrýsting, að mati Árna Páls. Boginn hafi þar verið spenntur of hátt og fyrirtæki hafi ekki önnur ráð en að ýta kostnaðarhækkunum út í verðlag.

„Þetta er veruleiki sem menn horfust ekki í augu við. Hvað eiga greinar sem ekki ráða við svona hækkunar, svo sem verslunin, að gera annað en að ýta þessu út í verðlagið?“

- kóp / sjá síðu 10

Nýjar strumpa-bækur

Strumparnir og dröngahöflla

Geim-strumpur

RISAÚTSALA

BÍLTÆKI SJÓNVÖRP
BÍLHÁTALARAR HLJÓMBORD

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÆTTUR

FERDATAEKI MAGNARAR DVD SPILARAR HEYRNARTÖL FRYSTIKISTUR
MYNDAVELAR MP3 SPILARAR HÁTALARAR ÍSSKÁPAR
PRÁDLAUSIR SÍMAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

OPIÐ Í DAG 10-18

Heimilistæki
www.ht.is

SÚÐURLANDSBRÁUT 26 - RVÍK - SÍMI 569 1500

Opið 10-18

Kringlan

ÚTSALA

Lokahelgin

Götumarkaður og ótrúlegt verð!

SPURNING DAGSINS



Halldór, verður ykkur nokkuð á í messunni?

„Nei, ekki nema það verði messu-fall.“

Halldór Guðmundsson fer fyrir verkefni Sögueyjan Ísland, sem sett var á laggirnar vegna þátttöku Íslendinga á bókamessunni í Frankfurt í haust.

2

Flaggað í hálfu stöng um allan Noreg í gær þegar fórnarlömb voru jarðsungin:

Fórnarlömb jarðsungin í gær

NOREGUR Flaggað var í hálfu stöng um allan Noreg í gær þegar 32 fórnarlömb hryðjuverkaárásanna í Útey voru jarðsungin. Meðal annars var eitt af yngstu fórnarlömbunum, hinn fimmtán ára gamli Eivind Hovden, jarðsunginn frá Lille Mo kirkju þar sem mörg hundruð manns voru viðstaddir.

Um helmingur þeirra sem jarðsungnir voru í gær var undir átján ára aldri.

Þá var Monica Elisabeth Bøsei, sem gekk undir nafninu Mamma Útey, meðal þeirra sem voru jarðsungnir í gær. Mörg hundruð gest-

ir voru við jarðarför hennar. Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, minntist Monicu í ávarpi sínu sunnudaginn eftir hryðjuverkaárásina. Hann var viðstaddur jarðarför hennar.

Í gær voru liðnar tvær vikur frá því að fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik kom sprengju fyrir í miðborg Óslóar, þar sem átta manns létust, og skaut 68 ungmenni til bana á Útey.

STOLTENBERG VIÐ KISTU MONICU Jens Stoltenberg forsætisráðherra vottaði Monicu Elisabeth Bøsey, eða Mömmu Útey, virðingu sína.



NORICPHOTOS/AP

Viðbót í tónlistarflórana:

Hinsegin kór komið á fót

FÓLK „Það var mjög ánægjulegt að sjá allt þetta fólk þarna samankomið og miðað við skráningu er ég bjartsýn á að því eigi eftir að fjölga enn meira í haust,“ segir Ásta Hlökkversdóttir, meðlimur í nýstofnuðum hinsegin kór.

Ásta telur kórinn skemmtilega viðbót við íslenskt tónlistarlíf.

„Við ætlum til dæmis ekki að velja í raddir út frá kyni heldur leyfa fólk að finna sér sinn stað, enda eru í kórnum transfólk og margar dimmradda konur.“

- rve / sjá síðu 28

Íslendingur lést í Danmörku: Druknaði við köfun erlendis

SLYS Íslenskur maður á fertugsaldri lést af slysförum í Danmörku á fimmtudag. Maðurinn var búsettur í Svíþjóð og lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn.

Maðurinn, sem var vanur frístundakafari, var við köfun við Stórabeltisbrúna í Danmörku ásamt tveimur félögum sínum þegar slysið varð. Menirnir létu björgunarmenn vita þegar þeir áttuðu sig á því að félagi þeirra var horfinn. Leit var gerð að manningu og fannst hann látinn seinnipart dags.

- sv

Formannsefni sætir rannsókn:

Kvaðst vilja drepa stjórnina

NOREGUR Hávar Krane, sem var formannsefni norskra demókrata í Kristiansund í Noregi, sagði í samtali á bar síðastliðinn vetur að það yrði ánægjulegt að geta skotið einn ráðherra ríkisstjórnarinnar til bana. Jafnframt að jólahlaðborð ríkisstjórnarinnar yrði kjörið tækifæri til þess að ráða hana alla af dögum.

Norska sjónvarpsstöðin TV2 hefur undir höndum hljóðupptöku af samtali Krane við aðra bargesti.

Krane hefur lýst því yfir að hann verði ekki á lista demókrata í sveitarstjórnarkosningunum í haust. Hann sætir nú lögreglurannsókn.

- ibs

FERÐAMÁL

500.000 farþegar í Leifsstöð

Samtals komu 501.300 farþegar til landsins um Keflavíkurflugvöll í janúar til júlí í ár borið saman við 424.500 farþega á sama tímabili í fyrra. Þetta er aukning um 18,1 prósent milli ára.

Eigendum verði gert að sækja námskeið

Yfirdýralæknir ætlar að hafa forgöngu um auknar kröfur á hendur eigendum og kaupendum hunda með varðhundaedli. Hann vill að fólk þurfi að sækja námskeið í meðferð slíkra hunda áður en það fái leyfi til að halda þá.

DÝRAHALD Innflutningsbann á hunda af varðhundategundum leysir engan vanda. Þetta segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, sem vill miklu fremur sjá að eigendum og kaupendum slíkra hunda verði gert skylt að sækja þar til gert námskeið með þá, ella fái þeir ekki leyfi til að halda þá.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Rottweiler-hundur hefði bitið tólf ára stúlku fyrr í vikunni og hefði þurft að sauma sárið saman með sextán sporum. Hundinum hefur verið lógað. Framkvæmdastjóri Hundaræktarfélag Íslands, Valgerður Júlíusdóttir, velti þeirri hugmynd upp vegna atviksins hvort banna ætti tiltekna tegundir með varðhundaedli hér.



HALLDÓR RUNÓLFSSON

„Það er orðið svo mikið af þessum hundum hér á landi að innflutningsbann er ekki svarið,“ segir yfirdýralæknir. „Þetta snýst fremur um að skilgreina og skylda þá sem mega halda dýr með varðhundaedli til að sækja þar til gerð námskeið. Eigendur þeirra þurfa að hafa þekkingu, vilja og getu til að hafa stjórn á þeim og hugsa vel um þá. Hinum sem sneyddir eru þeirri ábyrgðarkennd sem til þarf yrðu þar með settar ákveðnar skorður með ákveðnum útfærslum.“

Yfirdýralæknir segir sveitarfélögin geta sett sér samþykktir um að tiltekna hundategundir



VARÐHUNDAEÐLI Hundar með varðhundaedli hafa gefist vel í höndum þeirra sem hafa vilja, getu og þekkingu til þess að fara með þá.

„Það er orðið svo mikið af þessum hundum hér á landi að innflutningsbann er ekki svarið.“

HALLDÓR RUNÓLFSSON
YFIRDÝRALÆKNIR

verði ekki leyfðar nema að því undangengnu að eigendur og kaupendur séu búnir að sækja námskeið hjá þar til bærum þjálfurum. Sveitarfélögin hefðu þá forgöngu um það í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sem. Matvælastofnun gæti á hinn bóginn sett það skilyrði, þegar sótt væri um innflutning á þessum hundategundum, að leyfi fengist

ekki nema innflytjandinn hefði sótt námskeið um meðferð þeirra.

Halldór kveðst gera skýran greinarmun á svokölluðum áráshundum og hundum með varðhundaedli. Fyrirnefndu tegundirnar sé bannaðar hér á landi en síðarnefndu tegundirnar hafi gefist vel í höndum réttra eigenda.

Hann segir enn fremur að í ljósi nýlegra atvika þar sem hundar hafi bitið fólk þurfi Matvælastofnun í samvinnu við sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit að koma hundahaldi í fastari farveg með hertum reglum og hafi það þegar verið rætt. Hann kveðst munu hafa forgöngu um framhald þess máls.

jss@frettabladid.is

Héraðsdómur framlengir: Móðirin áfram í farbanni

DÓMSMÁL Kona sem grunuð er um að hafa orðið barni sínu að bana fyrstu helgina í júlí var í fyrradag úrskurðuð í áframhaldandi farbann til 1. september.

Rannsókn og bráðabirgðaniðurstaða krufningar sveinbarns sem hún ól og fannst látið í sorpgeymslu við hótél í Reykjavík þykja benda til þess að barnið hafi fæðst lifandi og heilbriggt.

Það hafi látist með voveiflegum hætti og móðirin beri ábyrgð á andláti þess. Eftir það hafi hún sjálf komið því fyrir í geymslunni og allt þetta hafi gerst án þess að aðrir hafi haft eða fengið um það vitneskju.

- jss

Reykjavík bókmenntaborg:

Koma miðstöð orðlistar á fót

MENNING „Eitt af forgangsverkefnum okkar verður að koma á fót miðstöð orðlistar, við getum kallað það bókmenntahús, þar sem ólíkir aðilar geta komið saman með bókmennta-

tengda viðburði,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs borgarinnar, um það sem nú er fram undan eftir að Reykjavík var útnefnd bókmenntaborg af UNESCO, menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Reykjavík er fimmta borgin sem hlýtur þennan heiður og sú fyrsta utan ensks málsvæðis. Hinar eru Edinborg í Skotlandi, Iowa City í Bandaríkjunum, Melbourne í Ástralíu og Dublin, höfuðborg Írlands.



SVANHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR

- gun / sjá Menningu

Fjöldmenni á Fiskideginum mikla á Dalvík:

Þúsundir mættu í súpuveisluna

DALVÍK Fjöldmenni er nú á Dalvík þar sem Fiskidagurinn mikli hófst formlega í gær með fiskisúpukvöldinu skemmtilega. Íbúar buðu gestum og gangandi upp á fiskisúpu af öllum sortum í heimahúsum og gördum og var enginn svikinn af því frekar er fyrri ár.

Hápunktur hátíðarinnar er í dag þar sem fjölbreytt skemmtidagskrá er í boði fyrir utan dýrindis fiskrétti.

Meðal þess sem er í boði eru fiskiborgarar sem eru grillaðir á átta metra löngu grilli, sem er hið lengsta á Íslandi.

Hátíðahöldin fóru vel af stað í gærkvöldi, að sögn lögreglu.

FJÖR Á FISKIDEGI Söngfuglarnir Jógvan og Friðrik Ómar héldu uppi stuðinu á Dalvík. Gestir fengu súpu hjá heimamönnum í gærkvöldi.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDAL

HÓPKAUP.IS Í DAG

Veiði í öllum silunga- og laxveiðiám SVFR

5.900 kr.

GILDIR 72 TÍMA

Verð
12.500 kr.

Afsláttur
53%

Afsláttur í kr.
6.600 kr.

30 viðskiptavinir þarf til að virkja tilboðið



Gjafabréfið gildir upp í kaup á veiðileyfum á öllum svæðum sem Stangaveiðifélag Reykjavíkur er með í söluskrá sinni.

SVFR er með veiðisvæði sem henta öllum.

HÓPKAUP

í krafti fjaldans

hopkaup.is



6.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

10 ltr.

HÚSASMÍÐJUNNAR
ÚTI MÁLNING

JOTUN
Treolje
Träolja/Träolie

Frábært verð
2.795,-

Útimálning Húsasmíðjan 10 ltr.
Góð útimálning á steinsteypa fleti utanhúss.
Gljástig 5.
7207040

Pallaolía Jotun Treolje
3 ltr.
7049123

LÆGRA VERÐ ALLT FYRIR HEIMILIÐ

69.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Þvottahæfni A
Orkunýting A
Mörg sérkerfi

Electrolux
5 ára ábyrgð

Þvottavél
EWF106410W. 1000 snúninga.
Stærð: 85x60x60 cm. 6kg.
1805650

54.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Með barka
Tekur 7 kg.

Electrolux
5 ára ábyrgð

Þurrkari
EDE37100W. Electrolux þurrkari m/barka
Stærð: 84.4 x 60.0 x 58.0cm. 108ltr. tromla
Tekur 7kg. Snýr í báðar áttir
1805463

1.249kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Eik 3ja stafa
8mm plastparket frá Austurríki.
147049

KAINDL

3.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

EMMEVI

Handlaugartæki Giglio
7900011

19.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Salerni Cersanit
Með setu, veggstútur.
8077532

cersanit

4.890,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Borðhandlaug
Niðurfell, 56x48x20 cm.
8091104

1.549kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Veggflís
Blanco Rustico
20x25 cm.
glans/bugðótt.
8611001

Látum
verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is



| GJALDMÍDLAR | KAUP SALA |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 115,79 116,35 |
| Sterlingspund | 188,68 189,60 |
| Evra | 164,02 164,94 |
| Dönsk króna | 22,017 22,145 |
| Norsk króna | 21,069 21,193 |
| Sænsk króna | 17,760 17,864 |
| Japanskt jen | 1,4752 1,4838 |

SDR 184,53 185,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,8282

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Þjóðhátíðarnefndar sendi yfirlýsingu vegna nauðgunarumræðu:

Niðurlægjandi fyrir Eyjamenn

VESTMANNAEYJAR Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar og bæjarfulltrúi Vinstri grænna í bæjarráði Vestmannaeyja, segir að þó að umræða og gagnrýni eigi fullan rétt á sér sé honum þungbært að sitja undir þeirri gagnrýni að hann stjórnist af gróðasjónarmiðum, styðji nauðgunarmeningu og sé skjól fyrir kynferðisbrotamenn.

„Vanþekkingin verður ekki betur auglýst. Í þessu sambandi vil ég minna alla Íslendinga á að Þjóðhátíð Vestmannaeyja er



PÁLL SCHEVING INGVARSSON

fjölskylduhátíð samfélagsins sem haldin hefur verið samfleytt frá árinu 1874,“ segir Páll í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. Hann minnir á að útilokad sé að færa ábyrgð nauðgana og líkamsárása sem gerðust á hátíðinni á starfsmenn hennar. Gerandinn skuli bera ábyrgðina.

Vanþekkingin verður ekki betur auglýst.

PÁLL SCHEVING INGVARSSON
FORMAÐUR ÞJÓÐHÁTÍÐARNEFNDA

Þá segir Páll að það sé niðurlægjandi fyrir Vestmannaeyinga að sitja undir jafn „ömurlegu froðusnacki“ og að halda því fram að því fram að þeir velji menn sem meðal annars stjórnist af gróðasjónarmiðum og styðji nauðgunarmeningu.

Sex nauðganir hafa nú verið tilkynntar eftir Þjóðhátíð í ár. -sv

Minni líkur á hlaupi úr ánni

NÁTTÚRA Verulega hefur dregið úr líkum á hlaupi úr eystri Skaftárkatli. Mæligildi aurs og leiðni eru ennþá há, en rennsli árinna hefur ekki aukist.

Sérfræðingur hjá Veðurstofunni segir þessar sveiflur skýrast fyrst og fremst af dægursveiflu jökulleysinga og því að vestari ketillinn er að tæmast.

Það var í lok júlí sem vaxandi leiðni og grugg mældist svo talið var að hlaup myndi hefjast í Skaftá. Síðast hljóp úr Skaftárkötlu í júní árið 2010. -kh

Nefnd skoðar þjóðkirkjuna: Meta afleiðingar niðurskurðar

ÞJÓÐKIRKJAN Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd til að meta hvaða áhrif niðurskurður fjárveitinga hafi haft á starfsemi þjóðkirkjunnar og hverjar yrðu afleiðingarnar ef haldið yrði áfram á þeirri braut. Nefndin kom saman til síns fyrsta fundar í fyrradag og mun skila álitni til ráðherra fyrir 1. maí 2012.



INGIBJÖRG PÁLMAÐÓTTIR

Nefndina skipa Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi ráðherra, sem er formaður, Oddur Einarsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu, séra Gísli Jónasson og séra Halldóra Þorvarðardóttir. -kh

Strætó fer aðrar leiðir: Breytingar á nýu leiðum vegna Gleðigöngunnar

SAMGÖNGUR Talsverðar breytingar verða á akstri Strætó í dag vegna Gleðigöngu Hinsegin daga og hátíðarhalda í miðborginni.

Í tilkynningu frá Strætó segir að breyta þurfi akstursleiðum og loka nokkrum stoppistöðvum meðan á hátíðarhöldunum stendur en gangan fer ekki niður Laugaveg eins og síðustu ár heldur hefst við Vatnsmýrarveg og gengið verður norður Sóleyjargötu, eftir Frikirkjuvegi og Lækjargötu.

Breytingar verða á nýu akstursleiðum, leiðum 1, 3, 6, 11, 12, 13, 14, 15 og 19. Nánari upplýsingar um breytingar á akstri Strætó má finna á vefnum strætó.is. -kh

Nær blindur maður ætlar í langhlaup með hvíta stafinn

Þórður Pétursson skokkar daglega en hann er nær blindur og treystir því alveg á blindrastafinn. Þórður ætlar að hlaupa þrjá kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu. Hann vonast eftir aðstoðarmanni í hlaupinu.

FÓLK Víða um borgina má sjá skokkara koma sér í form fyrir Reykjavíkumaraþonið en blaðamenn Fréttablaðsins ráku þó upp stór augu í fyrrkvöld þegar þeir sáu Þórð Pétursson hlaupa meðfram Miklubrautinni en hann er nær blindur og notast því við blindrastaf á skokkinu.

„Ég hleyp hérna frá Lönguhlíð eftir Miklubrautinni og fer síðan upp hjá Suðurveri en þaðan er leiðin svo ógreiðfær heim í Hamrahlöðina að ég geng þann spöl,“ sagði Þórður móður þegar blaðamaður fékk að trufla hann. „Ég fer þetta núna á hverjum degi enda er ég að æfa fyrir Reykjavíkumaraþonið. Þar ætla ég að hlaupa þrjá kílómetra. Ég er nú að vonast til þess að fá aðstoðarmann með mér í það.“

Hann segist óhræddur við að hlaupa með blindrastafinn og enn hafi hann ekki lent í neinu óhappi. Stafurinn er frábrugðinn öðrum

blindrastöfum að því leyti að það er kúla á endanum sem Þórður rennir á undan sér.

Það þarf heldur betur traust á stafinn til að skokka við þessar aðstæður en Þórður sér einungis birtu. „Ég sé þig til dæmis ekki núna,“ sagði hann við blaðamann þegar hann stóð um metra frá honum.

Svava Oddný Ásgeirsdóttir hlaupstjóri segist ekki vita til þess að blindur maður hafi áður tekið þátt í Reykjavíkumaraþoninu. „Reyndar er það svo að fólk er svo duglegt og lætur nánast ekkert aftra sér svo það gæti verið að einhver blindur hafi hlaupið hjá okkur án þess að við hefðum orðið vör við það,“ segir hún. Hún segir að um ellefu þúsund manns hafi hlaupið í fyrra og allt útlit sé fyrir svipaðan fjölda í ár. Meðal keppenda verða um þúsund erlendir hlauparar frá um fimmtíu þjóðlöndum. jse@frettabladid.is



ÞÓRÐUR Á HLAUPUM Ekki getur hjarta Þórðar verið sem fóarn úr fugli fyrst hann lætur sig hafa það að hlaupa einungis með stafinn að vopni. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Handahlaup

Guðmundur Felix Grétarsson er á meðal þeirra sem undirbúa sig fyrir Reykjavíkumaraþonið en hann missti báðar hendur í vinnuslysi árið 1998. Hann hefur leitað til fjölmargra sérfræðinga í Frakklandi með það fyrir augum að fara í handaágræðslu. „Þeir koma svo allir saman þann 9. september næstkomandi og þá fæst úr því skorið hvort af verður,“ segir Guðmundur Felix. Hann segist vera bjartsýnn þar sem rannsóknirnar hafi komið vel út. Þessar rannsóknir hafa kostað Guðmund Felix óhemju fjár en þeir sem vilja styrkja hann í þessari þolraun geta heitið á hann á vefsíðunni hlaupastyrkur.is. Guðmundur Felix er ekkert fyrir neinn tepruskap þegar ástand hans er rætt. Blaðamaður komst að því þegar hann spurði hvort það væri við hæfi að hann titlaði sig sem handlangara í símaskránni. „Já, já,“ svaraði hann að bragði, „mig langar í hendur svo það er alveg við hæfi.“



GUÐMUNDUR FELIX GRÉTARSSON

Öryggi í samskiptum -námskeið við félagsfærni



Ellefu vikna árangurmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða og óöryggi í félagslegum aðstæðum og í samskiptum með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Kennsludagar: Mánudagar frá 15:00-17:00, alls 22 klst.

Kennarar: Sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar

Næsta námskeið hefst mánudaginn 22. ágúst 2011

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is


Nánari upplýsingar: www.kms.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

BEST SV-TIL Það léttir til næstu daga og nokkuð bjart S- og V-tíl. Skýjað með köflum A-lands og líkur á þokulofti við ströndina. Það verður dálítið svalt A-til næstu daga. Einhver væta SA-til í dag en svo styttr upp. Strekkingur við SA-ströndina í dag og á morgun.

Á MORGUN Víða 3-8 m/s, hvassara NV- og SA-til.



| HEIMURINN | °C |
|-----------------|-----|
| Alicante | 33° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 19° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 28° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 22° |
| París | 22° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Gleðigangan er fyrir löngu búin að marka sér sess sem einn fjölsóttasti og litríkasti viðburður ársins í Reykjavík. Fyrsta gangan var farin árið 2000 og hún hefur vaxið jafnt og þétt síðan. Síðustu ár hafa hátt í 80.000 manns tekið þátt og fylgst með hátíðahöldunum.

Í dag fögnum við árangri samkynhneigðra í réttindabaráttu sinni og minnum okkur á það sem enn má betur fara. Með stolti, gleði og stuði.

*Íslandsbanki óskar samkynhneigðum
og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.*

KJÖRKASSINN



Er sumarið búið?

JÁ 28,2%
NEI 71,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú farið á Fiskidaginn mikla á Dalvík?

Segðu þína skoðun á Vísis

VÍSIS

Dómstóll í Úkraínu:

Júlía Tímosenko í fangelsi

ÚKRAÍNA Dómstóll í Úkraínu úrskurðaði í gær að Júlía Tímosenko, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, skyldi sitja í fangelsi á meðan réttarhöldin yfir henni fara fram.



JÚLÍA TÍMOSJENKO

Tímosenko er ákærð fyrir misbeitingu valds. Hún er sökuð um að hafa þvingað ríkisfyrirtækið Naftogaz til þess að skrifa ólöglega undir samning um afhendingu gass til Rússlands árið 2009. Tímosenko á yfir höfði sér allt að 10 ára fangelsi verði hún fundin sek um misbeitingu valds. Hún hefur vísað öllum á sökunum á bug og segir þær af pólitískum toga.

- ibs



INNFLUTTIR BÍLAR Nýskráðum bílum fjölgaði um 50 prósent fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við sama tíma í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukning á nýskráningum bíla:

50% fleiri nýir bílar skráðir

VIÐSKIPTI Mikil aukning varð á nýskráningum bíla fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við sama tíma í fyrra.

Í janúar til júlí í ár voru samtals 4.008 bílar nýskráðir miðað við 2.684 í janúar til júlí árið áður. Aukningin nemur 49,3 prósentum frá fyrra ári.

Síðastliðna tólf mánuði, til loka júlí, voru nýskráningar bíla 5.001 en það er 47,9 prósent fjölgun frá fyrra tólf mánaða tímabili, að því er segir á vefsíðu Hagstofunnar.

Kannabisræktandi tekinn:

Ræktaði hátt í 200 plöntur

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um þrjúttugt var handtekinn eftir að lögreglan á Suðurnesjum fann umfangsmikla kannabisræktun í bílskúr í Vogum á Vatnsleysuströnd. Við yfirheyrslur viðurkenndi maðurinn að hafa ræktað plönturnar og var honum sleppt að svo búnu.

Plönturnar sem lögreglan fann voru hátt í tvö hundruð talsins. Maðurinn hafði komið upp fullkominni aðstöðu og gerði lögregla tæki og tól til ræktunarinnar upptæk.

Maðurinn sem um ræðir hefur komið við sögu lögreglu áður vegna ræktunar á kannabisplöntum.

- jss

Skotárás við dreifingu matvæla í höfuðborg Sómalíu í gær:

Þjófóttir hermenn drápu sjö

SÓMALÍA, AP Sjö manns létust í gær eftir að sómalískir stjórnarmenn hófu skothríð á mannfjölda í höfuðborginni Mógadisjú.

Fulltrúar Matvælahjálpar Sameinuðu þjóðanna voru að dreifa korni til nauðstaddra þegar átök brutust út. Að sögn viðstaddra urðu hermennirnir uppvisir að stuldi á neyðarmatvælu. Hópurinn veittist þá að hermönnum sem skutu á fólkið og létust sjö manns hið minnsta.

Hermennirnir flúðu síðan af vettvangi með matinn.

Forsætisráðherra Sómalíu, Abdi-

weli Mohamed Ali, heimsótti flóttamannabúðirnar eftir skotárásina og sagðist harma atburðinn. Hann lýsti því einnig yfir að málið yrði rannsakað í þaula og þeim sem yrðu fundnir sekir yrði refsað hardlega.

Ófremdarástand ríkir í Mógadisjú líkt og fleiri hlutum landsins þar sem friðargæsluveitir Afríkusambandsins stjórna átta af sextán hverfum. Þrjú eru undir stjórn skæruliðahópa og enn er barist um yfirráð í fimm hverfum.

Hungursneyð ríkir í suðurhluta Sómalíu, þar sem skæruliðaflokkurinn al-Shabab ræður ríkjum. - þj



FRÁ MÓGADISJÚ Þúsundir nauðstaddra hafa flykkt til höfuðborgarinnar þar sem sjö manns létust í átökum hermanna og almennings í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný starfsgrein varð til með næturopnun

Securitas hefur opnað nýja deild til að sinna verslunum með næturopnun. Milli sextíu til sjöttíu manns starfa við öryggis- og verslunarstörf, starfsgrein sem ekki var til árið 2007. Talið er að fimmtíu verslanir séu opnar um nætur.

ÞJÓNUSTA Á bilinu sextíu til sjöttíu manns vinna hjá Securitas við öryggisgæslu og afgreiðslustörf samtímis. Í raun má segja að um nýja starfsgrein sé að ræða hér á landi sem á tilurð sína að þakka næturopnunum verslana, en yfir fjörutíu verslanir á höfuðborgarsvæðinu eru nú opnar allan sólarhringinn.



ÁRNI GUÐMUNDSSON

Sigurður Karlsson, rekstrarstjóri 10-11, telur að um fimmtíu verslanir á landinu öllu séu nú opnar um nætur. Securitas hefur nú opnað nýja deild hjá sér sem einungis sinnir þessari þjónustu.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri gæslusviðs hjá Securitas, segir að slíkir starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun til að sinna þessu starfi og að hún sé nokkuð frábrugðin þeirri sem hinir hefðbundnu öryggisverðir fái.

Hann segir að Securitas hafi byrjað að bjóða þessa nýju þjónustu árið 2008 en það ár nýttu um tuttugu verslanir sér hana. Sama ár hóf Securitas samstarf við 10-11 en þar áður höfðu starfsmenn verslananna staðið næturvaktirnar. Sigurður Karlsson segir að árið 2008 hafi fimm verslanir verið með næturopnun en nú eru allar 23 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn, nema verslunin í Firðinum sem lokað er á miðnætti.

Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, segir að fyrirtækið hafi fyrst prófað þessa næturopnun í verslun sinni í Skeifunni fyrir jólin 2008. „Þá átti þetta bara að vera svona



ÚT Í BÚÐ Um fimmtíu verslanir á landinu eru opnar um nætur. Þessi þróun hefur haft í för með sér nýja starfsgrein sem á milli sextíu til sjöttíu manns vinna við í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Til dæmis hringdi í okkur kona sem var afskaplega ánægð með stæltan öryggisvörðinn í Garðabæ sem afgreiddi hana um krem og var öllum hnútum kunnugur í þeim efnum.

GUNNAR INGI SIGURÐSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI HAGKAUPA

jólabjónusta og einnig hugsað til að dreifa álaginu sem fylgir þessum tíma en kunninn tók

jse@frettabladid.is

Uppspretta grasfrjóa er enn til staðar þótt gras sé víða tekið að sölna:

Frjókorn mældust vel yfir meðallagi

NÁTTÚRA Frjókorn í Reykjavík mældust vel yfir meðallagi í júlímánuði og mældust um 2.000. Er mánuðurinn í hópi þriggja júlímánaða þegar fjöldi frjókorna hefur mælst svo mikill, en í fyrra urðu þau tæplega 4.000 og sumarið árið 1991 fóru frjókorn í um 2.500. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Náttúrustofnun Íslands.

Heildarfjöldi frjókorna á Akureyri í síðasta mánuði mældist í meðallagi, eða um 780. Grasfrjó voru færri en í meðalári, á svipuðu róli og sumurin 2006 og 2010. Það sem af er sumri hafa rúmlega tuttugu prósent grasfrjóa meðalárs mælst á Akureyri og eiginlegt



BIÐUKOLLUR Mælingar í Reykjavík sýndu að magn frjókorna í loftinu var vel yfir meðallagi.

NORDICPHOTOS/GETTY

hámark er enn ekki komið fram. Eins og í fyrra eru því miklar líkur á því að ágúst verði aðalgrasmánuður sumarsins fyrir norðan. Þar ræður þó mestu hvort þurrir vindar ríkjja, en vætutíð og þokuloft hamla dreifingu frjókorna. Þannig fylgir jafnan lítið magn frjókorna með hafgolunni og köldum, rökum norðanáttum.

Í tilkynningunni segir að þótt gras sé víða tekið að sölna séu nokkrar grastegundir enn í blóma og dreifi frjókornum. Er það einkum túngrös, eins og húsapunktur, vallarfoxgras og língresi. Uppspretta grasfrjóa er því enn til staðar.

- sv

Skákmarabon í Ráðhúsinu:

Tefla fyrir börn í Sómalíu

SKÁK Íslensk ungmenni standa fyrir skákmaraboni í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina til styrktar börnum í Sómalíu.

Krakkarnir í Skáksambandi Íslands og Skákakademíu Reykjavíkur munu tefla við gesti og gangandi sem greiða fyrir þátttökugjald að eigin vali. Afraksturinn rennur svo óskiptur til Rauða krossins.

Maraboníð hefst klukkan 10 í dag og stendur til 18 og verður einnig í gangi á sama tíma á morgun.

- þj



FERÐAMENN Gistinætur fyrstu sex mánuði ársins voru 181 þúsund talsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fleiri gistinætur á Íslandi:

Íslendingar gista oftár á hótélum

FERÐAMÁL Gistinætur á hótélum í júní síðastliðnum voru 181 þúsund samanborið við 157 þúsund í júní 2010. Gistinætur erlendrar gesta voru um 85 prósent af heildarfjölda gistinátta á hótélum í júní og fjölgaði gistinóttum þeirra um 11 prósent frá fyrra ári. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Mikil aukning var á gistinóttum Íslendinga í júní, gistinætur voru ríflega 27 þúsund samanborið við 17.700 í júní 2010 og fjölgar því um tæp 53 prósent á milli ára.

Á höfuðborgarsvæðinu voru 116.480 gistinætur í júní sem er 18 prósent aukning frá fyrra ári. - kh

Formaður leikskólakennara:

Segir fundinn ekki til einskis

KJARAMÁL „Það komu engar nýjar lausnir fram á fundinum. Hann var samt ekki til einskis,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara. Forystumenn félagsins fundaði í allan gærðag með viðsemjendum sínum um kjaramál. Haraldur sagði í samtali við Vísu að fundurinn hefði verið mikilvægur varðandi framhald umræðna. Næsti fundur er á mánudaginn.

Haraldur segir að sú staðreynd að 96 prósent félagsmanna hafi greitt atkvæði með verkfalli segi allt um þann hita sem sé í leikskólakennurum í málinu. Grunnlaun nýútskrifaðra leikskólakennara eru um 247 þúsund. „Við höfum talað um að við vildum fá ellefu prósent launbætur á launum,“ segir Haraldur. - jhh

Seðlabanki Íslands:

Lilja vill Má á nefndarfund

EFNAHAGSMÁL Þingkonan Lilja Mósesdóttir hefur óskað formlega eftir því að Már Guðmundsson seðlabankastjóri komi á fund



LILJA MÓSESDÓTTIR

í efnahags- og skattanefnd Alþingis. Þar vill hún meðal annars ræða losun gjalddeyrishafa, gagnrýni í nýlegri skýrslu OECD á peningastefnu Seðlabankans, „kosti þjóðarinnar í gjaldmiðilsmálum í ljósi vandans á evrusvæðinu“ og leiðir til að draga úr vægi verðtryggingar. - þj

Gleðilega hátíð!

Mannréttindi eru hagsmunamál okkar allra.
Við óskum samkynhneigðum og fjölskyldum
þeirra til hamingju með Hinsegin daga 2011.





- 1 Hve mikill þorskur var borðaður á Íslandi á síðasta ári?
- 2 Hve margar nauðganir hefur verið tilkynnt um á Þjóðhátíð í ár?
- 3 Hvaða fyrirtæki ákvað nýlega að verða einn bakhjarla Hofs á Akureyri?

SVÖR:

1. 576 tilm 2. 6 3. VÍ

Ársreikningur Strandabyggðar: Gleymdu að skila rafrænt

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Strandabyggð skilaði þriggja ára fjárhagsáætlun bréflaga á réttum tíma, hins vegar láðist að senda áætlunina á tölvutæku formi,“ segir Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar, í samtali við Bæjarins besta.

Strandabyggð er meðal þeirra sex sveitarfélaga sem fengu áminningu fyrir að hafa ekki skilað inn þriggja ára fjárhagsáætlun til ráðuneytisins. Sveitarfélögunum var hótad dagsektum og stöðvun greiðslna úr jöfnunarsjóði ef áætlanir yrðu ekki birtar.

Ingibjörg telur að Strandabyggð hefði aldrei átt að lenda á listanum. Að hennar sögn er búið að hafa samband við ráðuneytið og leiðrétta málið, að því er fram kemur á vef Bæjarins besta. - kh

Hópur breskra ferðamanna í lífshættu á bjarnarslóðum í óbyggðum á Svalbarða:

Hvítabjörn drap einn og særði fjóra

NOREGUR, AP Sautján ára breskur drengur lét lífið í árás hvítabjarnar á eyjunni Svalbarða í gær. Björninn særði fjóra samferðamenn drengsins áður en öðrum úr hópnunm tókst að fella dýrið.

Drengurinn var í hópi um áttatíu breskra ferðamanna sem höfðu slegið upp tjöldum við Von Postbreen-jökulinn. Hópurinn var í skólaferð og voru flestir í hópnunm á aldrinum 16 til 23 ára.

Tveir þeirra sem slösuðust voru fararstjórnar en hinir voru úr hópi nemenda. Þeir voru sendir með sjúkraflugi til Noregs, en samkvæmt upplýsingum frá læknum á Svalbarða voru áverkar allra alvarlegir.

„Þegar hafísinn kemur og fer eins og hann gerir þessa dagana er alls ekki ólíklegt að rekast á hvítabirni,“ segir Lars Erikis, vararíkisstjóri á Svalbarða, í samtali við BBC. „Hvítabirnir eru gríðarlega hættulegir og eiga það til að ráðast á fólk án nokkurs fyrirvara.“

Um 3.000 hvítabirnir eru á Svalbarða á þessum árstíma, en íbúar á eyjunni eru um 2.400. Hvítabirnirnir eru friðaðir en heimilt er að skjóta þá í nauðvörn. - bj

FLUTTIR Engir vegir liggja að tjaldbúðum ferðamanna og var þýla send eftir hinum slösuðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Hlutkesti réð því hver fór áfram í kosningum:

Vígslubiskup kosinn í þessum mánuði

ÞJÓÐKIRKJAN Kosið verður milli Sigrúnar Óskarsdóttur, prests í Árbæjarkirkju, og Kristjáns Vals Ingólfssonar, sóknarprestis á Þingvöllum, í síðari umferð í vígslubiskupskjöri í Skálholti. Kosningu til embættisins lauk fimmtudaginn 28. júlí og atkvæði voru talin í gær. Á kjörskrá eru 149 menn og var kjörsókn 98 prósent. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Þjóðkirkjunni.

Sigrún fékk 39 atkvæði og Kristján Valur 37. Séra Agnes M. Sigurðardóttir fékk einnig 37 atkvæði en reglur gera ráð fyrir að fá einstaklingar jafn mörg atkvæði ráði hlutkesti því hvor fari í seinni umferð. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson tók einnig þátt í kosningunni og endaði hann með 33 atkvæði.



SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR

KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON

Önnur umferð kosningarinnar fer fram strax að afloknum kærufresti, 12. ágúst næstkomandi. Skilafrestur atkvæða rennur út 26. ágúst. Gert er ráð fyrir að talning atkvæða úr annarri umferð fari fram laugardaginn 3. september 2011. - sv



WALL STREET Erfið vika er að baki á mörkuðum heims. Hughreystandi atvinnuleysistölur frá Bandaríkjunum hresstu fjárfesta þó nokkuð við í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Svartsýni á hlutabréfa-mörkuðum

Hlutabréfamarkaðir heims réttu sig örlítið við í gær eftir hrinu mikilla lækkana. Hægur efnahagsbati í Bandaríkjunum og skuldakreppa í nokkrum evruríkanna mun þó eflaust valda áhyggjum.

EFNAHAGSMÁL, AP Hlutabréfaverð hækkaði nokkuð við opnun í helstu kauphöllum í gær eftir miklar lækkunar síðustu daga. Ástæðan er talin vera tölur sem birtar voru í gær um fjölda atvinnulausra í Bandaríkjunum, en þær voru betri en markaðir höfðu búið við.

Talanna hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu, en mánaðarlegar atvinnuleysistölur í Bandaríkjunum hafa haft töluverð áhrif á markaði síðustu misseri. Þrátt fyrir jákvæð tíðindi eru þó enn miklar áhyggjur af hinum hægna efnahagsbata vestanhafs.

Skuldakreppan í nokkrum evruríkanna er sem fyrr helsta áhyggjuefni fjárfesta í Evrópa en þó birti einnig til á evrópskum mörkuðum í gær í kjölfar tíðindanna frá Bandaríkjunum. Voru hlutabréfavísitölur í Frakklandi og Spáni meðal þeirra sem stóðu sig best, en áhyggjur fjárfesta af skuldastöðu ríkanna hafa aukist merkjanlega síðustu daga.

Þá lækkaði í gær ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf evruríkanna, sem hefur nálgast sögulegar hæðir í vikunni. Ávöxtunarkrafa ítalskra og spænskra bréfa er þó enn yfir sex prósentum, sem er talið ósjálfbært til lengri tíma.

Seinagangur leiðtoga evruríkanna við að stækka og auka valdheimildir björgunarsjóds sem ríki evrusvæðisins hafa komið á fót hafa skilið þau eftir í lausu lofti og eru ófær um að koma ríkjunum í neyð til hjálpar. Þá eru vandræði stjórnmalamanna í Bandaríkjunum við að semja um hækkun á skuldabaki bandaríska ríkisins talin hafa dregið úr trausti á getu ráðamanna til að leysa úr vandamálum hagkerfisins.

Þrátt fyrir ánægjuleg tíðindi í gær er búið við áframhaldandi svartsýni á mörkuðum út sumar. Sérfræðingar segja fjárfesta verða vara um sig áfram þangað til skýr merki um öflugri efnahagsbata komi fram. Þá er beðið frekari viðbragða frá leiðtogum evruríkanna um hvernig hægt verði að stöðva skuldakreppuna.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, gerðu bæði hlé á sumarfríum sínum í gær til að ræða ástandið á mörkuðum. Á meðan fagnaði Barack Obama Bandaríkjaforseti 50 ára afmæli sínu en hefur þó varla getað einbeitt sér fyllilega að háttíðahöldum vegna ástandsins.

magnusi@frettabladid.is



Það er auðvelt að skipta um banka. En það er mikilvægt að vanda valið!

Bárður Helgason, viðskiptastjóri

Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu fyrir fólk og fyrirtæki og skjóta afgreiðslu mála í síma- og þjónustuveri. Þannig á banki að vera og þess vegna eru meira en 90% viðskiptavina ánægð með þjónustuna hjá okkur.

Við tökum vel á móti þér!

- Debetkort
- Launareikningar
- Sparnaðarreikningar
- Kreditkort
- Netbanki
- Erlend viðskipti
- Útlán



BANKI

Borgartúni 26 · Ármúla 13a
sími 540 3200 · www.mp.is

Hágæða kaffi og grill við valdar Orku- og Shellstöðvar.

Panini mánaðarins

Tilboð



Panini mánaðarins

399 kr.

Tilboð

Allir kaffidrykkir

199 kr.



Caffe Latte, Espresso, Macchiato,
Sviss Mocca, Cappuccino.

Hamborgari, franskar og gos

949 kr.



Stöðin er ný veitingasala við valdar
bensínstöðvar Orkunnar og Shell.

Stöðin býður hágæða kaffi, panini,
hamborgara, samlokur, rúnstykki,
og fleira.

Orkulykill



Þú getur greitt með kortum og lyklum
Orkunnar og Skeljungs á Stöðinni.

Hvað býður þín stöð uppá?

| | Sími | Opið 24 tíma | Grill | Kaffi | Panini | Pylsa | Bílalúga |
|---------------------|----------|--------------|-------|-------|--------|-------|----------|
| Birkimelur | 551 4474 | | | | | | |
| Bústaðavegur | 552 7616 | | | | | | |
| Garðabær | 565 8743 | | | | | | |
| Hagasmári | 554 2280 | | | | | | |
| Laugavegur | 561 9926 | | | | | | |
| Suðurfell | 557 4060 | | | | | | |
| Vesturlandsvegur | 587 9730 | | | | | | |
| Miklabraut norður | 571 4404 | | | | | | |
| Skagabraut Akranesi | 431 2592 | | | | | | |

www.stodin.is



Ilan Volkov
aðalhljómsveitarstjóri



Hæfnispróf fyrir neðangreindar stöður munu fara fram á eftirtöldum dögum:

1. konsertmeistari

Hæfnispróf miðvikudaginn 23. nóvember 2011
Umsóknir skulu hafa borist 23. október 2011

1. klarínnett

Hæfnispróf mánudaginn 21. nóvember 2011
Umsóknir skulu hafa borist 21. október 2011

2. klarínnett með skyldur á Es-klarínnett

Hæfnispróf miðvikudaginn 25. janúar 2012
Umsóknir skulu hafa borist 23. desember 2011

1. fagott

Hæfnispróf mánudaginn 23. janúar 2012
Umsóknir skulu hafa borist 23. desember 2011

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu hljómsveitarinnar, sinfonia.is (www.sinfonia.is/umhljomsveitina) og hjá starfsmannastjóra, kristin@sinfonia.is.



Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakki 2, 101 Reykjavík » sími: 545 2500 » www.sinfonia.is

FRÉTTASKÝRING: Verður breyting á ríkisrekstri á næstunni?



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Efnahags- og viðskiptaráðherra segir að boginn hafi verið spenntur of hátt í launahækkunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það verður að fækka verkefnum ríkisins

Árni Páll Árnason segir að lengra verði ekki komist í niðurskurði eða skattahækkunum. Skera verði niður þá þjónustu sem ríkið bjóði upp á. Hann gagnrýnir aðila vinnumarkaðarins fyrir að spenna bogann of hátt í kjarasamningum.

„Eftir niðurskurðinn komumst við ekki mikið lengra með samdrátt miðað við óbreyttar skilgreiningar á þjónustustigi ríkisins,“ segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Árni Páll segir að nauðsynlegt sé að komast lengra í endurreisn efnahagslífsins og það verði að gerast sem fyrst. Til þess að svo verði þurfi að endurhugsa hlutverk ríkisins frá grunni.

„Það er engum til góðs að ríkisreksturinn veikist þvert yfir og verði illa fær um að gegna því hlutverki sem hann á að gegna. Við verðum að hugsa frá grunni hvað það er sem við eigum að gera, með hvaða hætti við skilgreinum ríkisreksturinn.“

Endurskoða umfang

Árni Páll segir hlutverk ríkisins að sinna ákveðnum kjarnaverkefnum. Öðrum málum eigi að útvista og koma á markað. Markmiðið sé að halda góðri þjónustu og helst að hún verði betri. Umfang rekstrarins þurfi að endurhugsa og það hvað hann kosti.

„Það eru margar leiðir til og við þurfum að velta öllu fyrir okkur. Þarf ríkið að vinna öll verkefni sem það sinnir í dag? Við þurfum að skoða hverju væri betur fyrir komið annars staðar. Í því felast einnig tækifæri. Við getum til að mynda stutt við atvinnulífið með því að fela því að sinna stöð- og tækniþjónustu.“

Ríkið er að sinna upplýsingatækni með eigin starfsfólki. Er það endilega besta leiðin? Við getum búið til fjölbreyttari þjónustumarkað með því að ríkið skilgreini þau verkefni sem það vinnur sjálf og kaupi síðan þá þjónustu sem þarf að auki.“

Árni Páll segir að komið sé að

þolmörkum í skattahækkunum og spyr hvort einhverjir skattar séu eftir sem menn treysti sér til að hækka. Það verði menn að hafa í huga þegar horft sé til umfangs ríkisrekstrarins. „Menn ræða gjarnan um að komið sé að sársaukamörkum í niðurskurði. En það er einnig hægt að nefna fjölmörg dæmi um hitt; að það sé bullandi óhagkvæmni í ríkisrekstrinum. Við höfum sameinað stofnanir og ráðuneyti en þurfum að ná meiri árangri í því. Markmiðið er að fækka í stjórnunarstöðum en ekki þeim sem veita þjónustuna.“

Sátt verður að nást um málið, að sögn Árna Páls, og koma vinnunni betur á skrið. Alþingi þurfi að taka betur hugmyndum um sameiningar stofnana til að almenningur fái meira fyrir skattþeningana sína.

„Það verða að vera skýr markmið um sameiningar stofnana og við verðum að ætla ráðuneytum að ná þeim. Þetta verður að vera niðurneglt og ófrávíkj-anlegt, menn mega ekki ýta þessu á undan sér. Ráðuneytin verða að standa frammi fyrir því vali að annaðhvort sameini þau stofnanir eða skeri niður þjónustu.“

Óvissa á evrusvæðinu

Árni Páll segir óvissuna á evrusvæðinu auka enn á vanda Íslandinga. Ef erfiðleikarnir haldi áfram hafi það áhrif á útflutning Íslandinga og þá tekjuhlíf sem sé grundvöllur ríkisfjármálanna. Betra sé að ganga lengra en skemmra í niðurskurði ríkisútgjalda, það eigi að vera sjálfstætt markmið. Áætlan um niðurskurð verði að vera trúverðug og til lengri tíma. Lönd þar sem efnahagsáætlunin byggir á óvissu lenti í vanda og því þurfi að beita hagfræði hinnar hagsýnu húsmóður.

„Ef erfiðleikar einstakra ríkja leiða til fjármálakreppu hefur það umtalsverð áhrif á okkur. Útflutningur okkar er viðkvæmur fyrir kaupmáttarrýrnun á

evrusvæðinu. Við flytjum fyrst og fremst út munaðarvörur. Fiskurinn, ferðalög til Íslands og álið; allt er þetta munaður og við vitum af reynslu undanfarinna ára hvað gerist varðandi munaðarvörur í kreppu. Menn neita sér einfaldlega um þær.“

Horfast í augu við aðstæður

Árni Páll segir málið tiltölulega einfalt. Tvær leiðir séu til þess að auka kaupmátt og aðeins önnur þeirra virki. „Önnur er að loka bara augunum fyrir staðreyndum, hækka laun þó að ekki sé innistæða fyrir því og auka þannig á verðbólgu og hækka vaxtakjör ríkisins. Hin leiðin, og sú eina rétta, er að horfast í augu við aðstæður og sýna raunveruleg útgjöld. Reksturinn verður síðan einfaldlega að miðast við þau.“

En er Árni Páll með þessum orðum að gagnrýna nýgerða kjarasamninga, sem meðal annars Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra gerði fyrir hönd ríkisins? „Nei ekki sérstaklega, hins vegar hef ég sagt að með kjarasamningunum í vor hafi boginn verið spenntur

of hátt og þeir hafa haft í för með sér mikinn verðbólguþrýsting. Fyrirtæki í aðkrepptum greinum hafa nú þegar velt kostnaðinum út í verðlag, enda hafa þau enga aðra kosti. Þetta er veikleiki sem menn horfðust ekki í augu við. Hvað eiga greinar sem ekki ráða við svona hækkanir, svo sem verslunin, að gera annað en að ýta þessu út í verðlagið? Annaðhvort verður kakan að stækka eða við færum peningana frá einhverjum öðrum. Menn vonuðust til að fá hagvöxt en það verður að afla hans áður en búið er að eyða honum.“

Annaðhvort verður kakan að stækka eða við færum peningana frá einhverjum öðrum. Menn vonuðust til að fá hagvöxt en það verður að afla hans áður en búið er að eyða honum.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ivar Örn Hansen
S: 5125429,
gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462,
gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432,
gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísi.

VÍSIR

Betra Bak kynnir!

TEMPUR® CLOUD

– heilsudýnan sem hefur
slegið öll met hjá Tempur® –

dýnan sem
styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa
í svefni



20% kynningarafsláttur



Mest selda heilsudýna í heimi*

TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.

Cloud heilsudýnan frá Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvöld.

Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud.
Gerðu kröfur - Tempur stenst þær !



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERDASTOFNUNINI

Frábært verð!

Cloud heilsudýnan
fæst í öllum stærðum.

Verðdæmi: 160x200 cm
Kr. 217.600,- með kynningarafsætti



Farðu inn á
betrabak.is
hér

* Cloud dýnan hefur
slegið öll met hjá
Tempur á heimsvísu!



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Gleðigangan er hápunktur Hinsegin daga.

Stolt af fjölbreytninni

Hinsegin dagar í Reykjavík, sem nú eru orðnir fjögurra daga háttíð, ná hámarki í dag með Gleðigöngu tuga þúsunda í gegnum miðborgina. Háttíðin er skipulögð af samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transfólki til að undirstrika réttindi þeirra, tilveru og sýnileika en er þó fyrir löngu orðin háttíð allra Reykavíkinga, svona rétt eins og sautjándi júní eða Menningarnótt.

Þetta er sérstaða Hinsegin daga á Íslandi, eins og Þorvaldur Kristinsson, forseti háttíðarinnar, vék að í viðtali við Fréttablaðið í gær; þeir eru fjölskylduháttíð þar sem allir fagna saman en ekki eru dregin nein mörk á milli „okkar og hinna“. Óhætt er að fullyrða að mikill meirihluti Íslendinga styður réttinda-

baráttu samkynhneigðra, sem borið hefur ríkulegan árangur. Í viðtalinu segist Þorvaldur aldrei hafa búizt við að lifa sjálfur að lagalegt misrétti gagnvart samkynhneigðum yrði upprætt, eins og nú hefur gerzt á Íslandi. Hann segir baráttunni hins vegar engan veginn lokið. Enn sé til dæmis langt í land að transfólk njóti sama réttar og aðrir. Og þótt lagalegu jafnrétti sé náð sé kúgun samkynhneigðra enn til staðar, sem birtist meðal annars í þöggun, kvikindishætti, niði og grimmd. Enn eimir eftir af fordómum gegn samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transfólki, þótt viðhorf meirihlutans hafi breytzt mikið.

Ekki má heldur gleyma því að baráttan fyrir réttindum samkynhneigðra er alþjóðleg eins og öll mannréttindabaráttan. Lagalegu misrétti hefur verið eytt á Íslandi, en það viðgengst í langflestum ríkjum heims, mismunandi mikið. Sum þeirra ríkja sem troða á rétti samkynhneigðra eru nánin vína- og bandalagsríki Íslands, til dæmis Lettland, Litháen og Pólland. Sum eru mikilvæg viðskiptalönd, eins og Rússland og Kína, sem banna ítrekað gleðigöngur á borð við þá sem farin verður í Reykjavík í dag og leyfa margt og konar ofbeldi og kúgun samkynhneigðra að viðgangast. Og sum eru þróunarsamstarfsríki Íslands eins og Úganda, þar sem þingmenn ræða í alvöru tillögu um að taka upp dauðarefsingu við samkynhneigð. Íslendingar eiga að nýta tengsl sín í öllum þessum ríkjum til að þrýsta á að mannréttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks séu virt. Við getum verið stolt af því fordæmi sem við sýnum sjálf í þeim efnum.

Í Gleðigöngunni er fjölbreytileika mannlífsins hampað. Sjaldan hefur verið meiri ástæða til að halda honum á lofti en einmitt nú eftir hryðjuverkin í Noregi, sem voru framin í nafni haturs á fjölmenningu, umburðarlyndi og frelsi. Við eigum að sýna fjölbreytileikann með stolti og gleðjast yfir því hvað allir eru dásamlega öðruvísi, ólíkir, sér á parti og hinsegin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. **STJÓRNARFORMADUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur P. Stephensen **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvörp lýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis. Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.

Meira sjónvarp, meira útvörp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Bolta varpið í beinni á Vísitv. **Meiri Vísi.**



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Lögmál vindhanans

Forseti Íslands skýrir reglulega í erlendum fjölmiðlum hvernig Íslendingar voru og eru öðrum snjallari í stjórn peningamála með eigin gjaldmiðil. Þó að þetta rími ekki við hagfélur og lífandi reynslu heimila og fyrirtækja hér á heimavígstöðvunum enduröma helstu andstæðingar Evrópusambandsaðildar þennan boðskap. Peningamálin eru ein af uppistöðunum í andófi þeirra.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Frá því evran kom til sögunnar hefur röksemdafærsla aðildarandstæðinga hins vegar sveiflast eftir sömu lögmálum og vind-

hani á burst. Í byrjun veiktist evran. Þá var það röksemd gegn aðild. Síðan styrktist hún. Þá var röksemdinni snúið við og því haldið fram að það þjónaði ekki útflutnings-

hagsmunum Íslands að tengjast sterkri mynt.

Þau rök dugðu skammt því að íslenska krónan varð allt í einu sterkari en evran. Þá var staðhæft

að ekkert væri vitlausara en að yfirgefa nægtaborðið sem því fylgdi. Síðan féll sú spilaborg og við fengum gjaldeyrishöft einir Evrópubúa. Þegar þar var komið sögu varð til kenningin um að hrun krónunnar og höftin hafi í raun verið gæfa en ekki áfall. Í reynd réðu stjórnendur peningamála litlu um gang krónunnar þar til höftin komu þó að hún að formi til lyti fullveldisyrirráðum þeirra.

Eina haldreiðið í þessum hring-snúningi röksemda er sú trú að fólk muni ekki hvernig haninn sneri á burstinni þegar síðast blés úr annarri átt.

Blekking

Fjármálakreppan í Evrópu hefur í sumar verið uppspretta nýrra hugmynda í röksemdasmiðjunni. Snemmsumars var fullyrnt að evran yrði brátt úr sögunni. Þó að enginn gæti útilokað slíka hrakspá þótti hún ekki nógu sannfærandi. Kenningunni var því breytt yfir í þá staðhæfingu að Grikkland og önnur efnahagslega veik ríki myndu yfirgefa evruna.

myntbandalagið setja evruríkjunum svo ströng skilyrði um stjórn ríkisfjármála í framtíðinni að óboðlegt væri fullvalda þjóðum. Sem sagt: Þrjár mismunandi útgáfur af einni og sömu hræðslukenningunni og sumarið ekki á enda. Af öllum útgáfunum hefur verið dregin sú ályktun að kalla yrði aðildarumsóknina til baka og einungis fífl skildu það ekki.

Eftir að Grikkir samþykktu aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum og komið var fram yfir hunda-daga tók kenningin á sig þá mynd að Þýskaland myndi til að verja

Að sönnu er ekki unnt að útiloka að illa fari fyrir myntbandalaginu og augljóst er að það mun ekki þrífast fremur en önnur myntkerfi ef bakhjarlinn er ekki aðhaldssöm stefna

í ríkisfjármálum. Veikleikinn í hræðsluáróðrinum er hins vegar sá að látið er í veðri vaka að Ísland sé hólpíð ef það einungis stendur utan evrópska myntbandalagsins. Það er blekking. Við erum á margan hátt í veikari stöðu vegna lítills myntkerfis.

Aðildarandstæðingar hafa ekki enn getað svarað spurningunni hvað á að koma í staðinn. Í einum mánuði vísa þeir í fríverslunarsamning við Kína og við Bandaríkin í þeim næsta, tala um norska krónu í dag og kanadískan dal á morgun, og þannig hring eftir hring.

Falli evran hrynur krónan

Kjarni málsins er sá að falli evran hrynur krónan. Það veitir því ekkert skjól að standa utan myntbandalagsins. Heimilin eru hins vegar varnarlausari hér vegna verðtryggingar og fyrirtækin veikari vegna hafta. Gengishrunið hefur fært peninga frá almenningi til útflutningsfyrirtækja en ekki aukið hagvöxtinn. Í ýmsum evruríkjum hefur verið meiri hagvöxtur en hér.

Ísland. Ætli Ísland að standast viðskiptalöndunum snúning með eigin sjálfstæða mynt verður ekki komist hjá enn harðari aðgerðum hér. Það kostar einfaldlega meira að verja stöðugleika í örsmáu peningakerfi en leiða myndi af þátttöku í stærri heild.

Evruríkin þurfa sannarlega að sætta sig við harða kosti í ríkisfjármálum á komandi tíð, sérstaklega þau sem eru skuldug eins og

Enginn fullveldisréttur losar okkur því undan harkalegum ríkisfjármálaaðgerðum á næstu árum nema við ætlum að gefa stöðugleikamarkmiðið og samkeppnisstöðuna eftir. Það þýðir lakari lífskjör. Evruandstæðingar benda enda ekki á neinn annan kost í ríkisfjármálum en þann

sem þýsk stjórnvöld hafa talað fyrir; eða er það?

Lækkun hlutabréfa á mörkuðum í Ameríku, Asíu og Evrópu í vikunni kallar enn frekar á endurmat peningastefnunnar, aukið aðhald í ríkisfjármálum og skýra hagvaxtarstefnu en ekki afturköllun aðildarumsóknarinnar. Spurningin um varaplan brotni evrópska myntbandalagið upp snýst um það hvort við viljum fylgja Þjóðverjum eða ríkjum eins og Grikklandi inn í óvissa framtíð. Þeir sem tala eins og við séum eyland í peningamálum fara hins vegar villur vegar.

Tjöld og
svefnpokar

40%
afsláttur

Allar
garðplöntur

50%
afsláttur



blómaval

RÝMINGAR SALA

Lýkur um helgina

sumarleikföng

40%
afsláttur

Allar
ferðavörur

40%
afsláttur

Plast-
garðhúsgögn

30%
afsláttur

Tré
garðhúsgögn

50%
afsláttur

**KLÁRAÐU PALLINN
MEÐ OKKUR!**



**6 ltr. af pallaolíu og
gasgrill fylgir með
pallinum!**

**KAUPAUKI
MEÐ PALLAEFNI**

Þegar þú kaupir pallaefni hjá okkur að
upphæð 100 þúsund eða meira færð þú
Sunset gasgrill og 6 ltr. af Jotun pallaolíu
frítt með. Gildir til 14. ágúst.



COLLEGE tennis sokkar
10 pör í pakka. Litur: Svartur.



8 PÖR
1.995

Vikudagssokkar
Flottir sokkar fyrir hvern dag vikunnar. Stærðir: 23-38. Magn: 7 pör í pakka.



7 PÖR
1.295

Flannel herraskyrturn
Ný sending af herraskyrturn úr flannel. Margar gerðir. Flannel herraskyrturn stærðir: M-XXL **1.995,-**



FLANNEL-SKYRTA
1.995

mascot



SÆNG OG KODDI
4.995

SYMFONI trefjasæng
Þétt og hlý sæng með síkksakk saumi. Fylling: Fingerðar holtrefjar. Þyngd: 1200 gr. Má þvo við 40°C. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi stærð: 50 x 70 sm.

MEGAN myrkvunargardinur
Góðar myrkvunargardinur, fást í svörtu og beige. Stærðir: 80 x 170 sm. **1.695,-** 100 x 170 sm. **1.995,-** 120 x 170 sm. **2.495,-** 140 x 170 sm. **2.995,-** 180 x 170 sm. **3.995,-** 90 x 210 sm. **2.495,-**

VERÐ FRÁ:
1.695

MYRQVUNARGARDINÁ

HELGARSI

VERÐ ÁÐUR:
6.995

4.995

**SPARIÐ
2.000**



KEN skrifborðsstóll
Flottur stóll með stillanlegu baki og setu á frábæru verði!

BARSTÓLL

5.995

**SPARIÐ
500**



COSMO barstóll
Flottur barstóll með stillanlegri setu. Frábært verði!

**SPARIÐ
7.000**

VERÐ ÁÐUR:
19.950

12.950



SKÓHILLA
1.995

AKSEL skóhilla
Falleg og stílhrein skóhilla úr áli. Stærð: B93 x H38 x D35 sm.



MICHIGAN sjónvarpsskápur
Flottur sjónvarpsskápur í eikarlit með 3 skúffum. Stærð: 120 x 49 x 60 sm.

**SPARIÐ
20.000**



FULLT VERÐ:
69.950

49.950

VERÐ ÁN FÓTA

PLUS B10 boxdýna Stærð: 140 x 200 sm.
Tvöfalt gormalag. Fallegt og vatterað, jaquardofið áklæði. Í efra lagi eru 232 BONNELL / LFK-gormar pr. m² og í neðra lagi dýnnunar eru 150 BONNELL-gormar pr. m². Mjúk dýna. Innifalið í verði er 5 sm. þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheilli furu. Stærð: 140 x 200 sm. Verð án fóta!



PRENGJA!



SPARIÐ 4.000

VERÐ ÁÐUR: 4.495
3.995

FULLT VERÐ: 16.950
12.950

FOCUS gestarúm
Góð lausn er gest ber að garði. 10 sm. þykk dýna með BONNELL gormum. Stærð: B80 x L190 sm.

HANS fatastandur
Fatahengi úr járn og beyki með 7 snögum. Hæð: 178 sm.

SPARIÐ 5.000

VERÐ ÁÐUR: 24.950
19.950

FULLT VERÐ: 26.950
19.950



PARIS kommóða
Flott kommóða með 6 skúffum. Fánleg í hvítum og svörtum lit. Stærð: B153,5 x H69,5 x D50 sm.



SPARIÐ 7.000

TAMPA stóll
Flouttur stóll með PU áklæði.



FULLT VERÐ: 169.950
129.950
VERÐ ÁN FÓTA

SPARIÐ 40.000


CHERBOURG tungusófi
Fallegur, dökkbrúnn tungusófi með PU áklæði á frábæru verði. Stærð: B282 x H80 x D167/92 sm.



PANNA
STÆRD: 24 SM.
1.995

POTTUR
STÆRD: 18 SM.
2.995

TEFLON pottar og pönnur
Góðir teflonpottar og pönnur með glerloki. Komdu og gerðu góð kaup!



Brauðrist
Stílhrein og falleg brauðrist á frábæru verði!

BRAUÐRIST
1.995



Ruslafata
Flott ruslafata, fánleg í gráum og svörtum lit.

RUSLAFATA
795



KLAPP plastbox
Handhægt plastbox sem hægt er að leggja saman. Stærð: 24 x L49 x H36 sm.

30% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 995
695



Plastkassi 100 lítra
Stór og góður 100 lítra plastkassi á hjólum. Stærð: 69 x 47 x 45,5 sm.

100 LÍTRA
3.995



Borðlampar
Fallegir borðlampar fánlegir í nokkrum fallegum litum á frábæru verði!

BORÐLAMPI
1.495

Þar sem ábyrgðin liggur

Nauðganir

Hildur Sverrisdóttir

lögfræðingur og fyrrv. frkvt. V-dagsins gegn kynferðisbrotum



Tilkynnt hefur verið um óvenju margar nauðganir eftir síðustu verslunarmannahelgi. Það er viðbúið að þegar viðbjóðslegir glæpir eiga sér stað verði fólk umhugað um hvernig megi koma í veg fyrir þá. Umræðan síðustu daga hefur því einkennst af vangaveltum um hvort gæsla og aðbúnaður á útihátíðum sé nægileg og hvort þjónusta við þolendur sé góð. Það er skiljanlegt og sjálfsagt að velja við öllum steinum í svo mikilvægri umræðu til að reyna að gera betur.

Hins vegar er hættulegt að ætla að leggja of mikið traust og ábyrgð á utanaðkomandi aðstæður, þegar staðreyndin er sú að það eru gerendur hverju sinni sem eru þeir einu sem bera ábyrgð á því ofbeldi sem þeir beita. Það er því hættulegt að ætla að treysta á reglusetningu með einhverjum fyrirfram ákveðnum viðmiðum um hvað sé nægilegur aðbúnaður.

Slíkar reglusetningar leysa aldrei grunnvandann og varpa í raun ábyrgðinni frá ofbeldismanninum.

Það er synd að í umræðunni

undanfarna daga hefur farið of mikil orka í að benda á alla aðra en ofbeldismennina. Það gerir málaflöknum engan greiða að umræðan endi í skotgröfum um tæknileg atriði. Það er ekki hægt að ákveða í fundarherbergjum stjórnsýslunnar með hvaða hætti gæsla er nægileg til að ekkert kynferðisbrot eigi sér stað. Hver er fullkominn fjöldi gæslumanna? 42? Það er ekki lausnin að flóðlýsa Dalinn og girða af skúmaskot. Það er ekki heldur lausnin að gleyma sér í orðræðu um hver veitir nauðsynlega aðstoð fyrir þolendur kynferðisbrota, þar sem það sem skiptir mestu er að það sé gert.

Viðbjóðslegir glæpir hafa áhrif á okkur og það er manlegt að vilja finna hinn gullna ramma sem kemur í veg fyrir þá.

En það er vert að minna á að heimurinn horfir með addáun til Noregs um hvernig þeir vinna úr sínum harmleik, og það er með meiri upplýsingu, opinni umræðu, virðingu og kærleika. Í stóra samhenginu er gæslan og sál-gæslan í Eyjum góð, Stígamót eru góð, Neyðarmóttaka nauðgana er góð, forvarnahópar eru góðir og útihátíðir eru góðar. Hins vegar eru það ömurlegir ofbeldismenn sem eru ekki góðir. Til að sporna við nauðgunum þurfum við að muna það.

Rannsóknarnefndir og réttlæti

Rannsóknarnefnd

Brynjar Niélsson
hæstaréttarlögmaður



Í Fréttablaðinu 26. júlí s.l. ritaði Einar Steingrímsson, stærðfræðingur, grein sem bar yfirskriftina „lögfræði, réttlæti og réttarríki“. Í greininni, sem einnig birtist með viðbót á Eyjunni, er Einar ósáttur við að bæði formaður Lögmannafélags Íslands og forseti Lagadeildar HÍ skuli sjá ýmsa annmarka á því að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd til að rannsaka Guðmundar- og Geirfinnsmálið niður í kjölinn. Lítur Einar svo á að þessir framámennt innar lögfræðistettarinnar telji formsatriðin mikilvægari en réttlætið.

Lögfræðingar hafa að sjálf-sögðu engan einkarétt á umfjöllun um lögfræði, réttlæti og réttarríki og því ánægjulegt að vita til þess að aðrir velti þessum hugtökum fyrir sér. Ég hef marg oft ritað pistla um þessi hugtök og gjarnan deilt á þá sem telja pólitískar skoðanir sínar sérstakt réttlætismál og að lögin eigi að víkja þegar þau samrýmast ekki þeirra réttlæti. Ég tel slíka hugmyndafræði beinlínis andstæða réttarríkinu.

Það er ekkert athugavert við það að menn láti í ljós skoðun sína um að dómstólar hafi ranglega sakfelld sakaða menn eða á grundvelli ónógrar sönnunargagna, enda deila lögfræðingar um það daglega í dómsölum landsins. Það er

heldur ekkert athugavert við það að telja einstaka dóma ranga, eins og kollegi Einars hafði reiknað út með ákvörðun Hæstaréttar um lögmæti kosninga til stjórnlagabings. En vandinn hjá stærðfræðingunum er sá að þeir gefa sér ýmsar forsendur um staðreyndir málsins.

Í greininni gefur Einar sér þær forsendur að játningar sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum hafi verið fengnar með pyntingum og að þær hafi ekki verið trúverðugar. Og enn bætir Einar í þegar hann fullyrðir að lögregla og dómstólar hafi framið illvirki á sakborningum í málinu, burtséð frá því hvort þeir ættu þar nokkra sök. Því verði að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka málið niður í kjölinn.

Dómstólar, sem meta eiga sönnunargögn lögum samkvæmt,

Lagadeildar HÍ um að löggjafinn eigi ekki að setja á laggirnar rannsóknarnefndir til að yfirfara endanlega úrlausn Hæstaréttar, æðsta handhafa hins sjálfstæða dómssvalds. Það er ekki hægt að tala um sjálfstæði dómssvaldsins ef pólitískt skipaðar rannsóknarnefndir eiga síðan að yfirfara niðurstöðu dómstóla hvað þá að breyta þeim í kjölfar slíkra rannsókna. Þriggreining ríkisvaldsins byggir á því að sjálfstæði hvers um sig veiti hinum aðhald. Það hefur ekkert með það að gera að veita dómssvaldinu aðhald að hinn pólitíski meirihluti hverju sinni breyti niðurstöðu dómssvaldsins í einstökum málum vegna þess að hann telji hana ranga. Með því er verið að grafa undan sjálfstæði dómssvaldsins og frekar ætti að flokka það sem valdniðslu en aðhald.

Pað var ekki fyrr en fyrir dómi, eftir útgáfu ákæru, sem sumir drógu framburð sinn til baka en þó ekki allir og hafa ekki enn gert það. Framburður sakborninga var ekki eingöngu um eigin sök heldur einnig vitnisburður um sök annarra.

töldu hins vegar játningar sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum trúverðugar og breyttan framburð einstakra sakborninga síðar fyrir dómi, þar sem játningar voru dregnar til baka, ótrúverðugan. Einnig fór fram rannsókn á meintum pyntingum áður en málið kom til Hæstaréttar þar sem niðurstaðan var sú að ekkert benti til þess að játningar væru fengnar með þeim hætti. Rétt er að benda á í þessu sambandi að játningar sakborninga í Guðmundarmálinu komu fram eftir stuttan tíma í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á öðru máli. Sakborningar voru mörgum sinnum leiddir fyrir dómara við rannsókn málsins með verjendum sínum án þess að draga framburð sinn til baka. Það var ekki fyrr en fyrir dómi, eftir útgáfu ákæru, sem sumir drógu framburð sinn til baka en þó ekki allir og hafa ekki enn gert það. Framburður sakborninga var ekki eingöngu um eigin sök heldur einnig vitnisburður um sök annarra. Þessar aðstæður við sönnunarfærslu eru alþekktar í sakamáli og til að mynda í fíkniefnamálum þar sem sakfelld er fyrir innflutning á fíkniefnum á grundvelli framburða sakborninga við rannsókn málanna án þess að nokkur fíkniefni finnist og sakborningar dragi framburð sinn til baka fyrir dómi eftir útgáfu ákæru. Þá er það regla frekar en undantekning í kynferðisbrotamálum að sakborningar eru sakfelldir á grundvelli mats á trúverðugleika kæranda og sakbornings án þess að öðrum beinum sönnunargögnum sé til að dreifa.

Ég er sammála skoðun forseta

Hugmyndafræði Einars og margra pólitískra samherja hans um að löggjafinn skipi rannsóknarnefndir til að yfirfara endanlega niðurstöðu dómstóla hefur verið nokkuð áberandi seinustu misseri. Ég minnst þess að einn víðmælandi þáttastjórnandans í Silfri Egils, eðlisfræðingur og hagfræðingur að mennt, taldi rétt að skipuð yrði nefnd til að fara yfir dóma Hæstaréttar eftir að rétturinn hafi að hans mati komist að rangri niðurstöðu í máli Vilhjálmssonar gegn stjórnarmönnum Glitnis banka. Það er í sjálfu sér allt í lagi að hafa slíkar skoðanir en þær hafa ekkert með hugtökin réttlæti og réttarríki að gera.

Það eru hins vegar til framþærileg rök fyrir því að rýmka heimildir til endurupptöku mála. Ég sé aftur á móti ekki rök til þess að Guðmundar- og Geirfinnsmálinu verði endurupptekin þar sem sönnunin fólst aðallega í mati á framburði sakborninga og vitna. Það eru engar forsendur fyrir nýja dómara í dag að endurmeta framburð þeirra nú, án þess að ný gögn komi fram sem skipt geti máli.

Ad lokum verð ég að lýsa furðu minni á ómaklegri aðför Einars að stjórnendum rannsóknarinnar og dómurum sem dæmdu í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu að hætti pólitískra ofstækismanna. Þeir rannsakendur og dómara sem komu við sögu í málinu eru ekki þekktir illvirkjar, heldur þvert á móti. Flestir þeirra hafa lagt mikið af mörkum til lögfræðinnar og eiga stóran þátt í því að við búum úr réttarkerfi sem jafnast á við það besta sem þekktist í lýðræðisríkjum.



Fisktækniskóli Suðurnesja

Fisktækniskólinn býður upp á stutt, skemmtilegt og hagnýtt einingabært nám sem opnar þér fjölda möguleika í vel launuð störf í sjávarútvegi auk möguleika á framhaldsnámi að loknu grunnnámi

Námið er til tveggja ára og með mikla áherslu á tengingu við atvinnulífið og vinnustaðapjálfun. Námsárið skiptist í eina önn í skóla með áherslu á faggreinar og eina önn á vinnustað undir leiðsögn tilsjónarmanns. Fólk sem vill hasla sér völl í þeim greinum sem skólinn býður upp á fær því gott tækifæri að mynda góðar tengingar út í atvinnulífið auk þess að búa sig undir frekara nám. Náminu lýkur með framhaldsskólaprófi.

Skólinn býður upp á fjölbreyttar námsleiðir og gefur námið bæði mikla framtíðar atvinnumöguleika og réttindi til frekara náms í öðrum skólum, bæði hérlendis og erlendis. Fisktækniskólinn býður upp á nám í:

Fiskvinnslu, sjómennsku, fiskeldi, sjókokk og netagerð

Meðal samstarfsaðila Fisktækniskólans eru:

Einhamar ehf, Sjómannanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Stakkavík ehf, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Vísir ehf, Þorbjörn ehf, Þróttur ehf



Fisktækniskólinn
Icelandic College of Fisheries

Víkurbraut 56
240 Grindavík
Sími: 412 5940

www.fiskt.is
www.facebook.com/fisktaekniskoli
info@fiskt.is

AF NETINU

Veðsetning aflaheimilda

Varðmenn óbreytt kvótakerfis fara mikinn yfir margræddu banni við veðsetningu aflaheimilda í framlögðu frumvarpi sjávarútvegssráðherra að nýju fiskveiðistjórnarkerfi. Hagfræðingar og viðskiptafræðingar eru dregnir fram til vitnis um það að óráðlegt sé að "hefta frjáls viðskipti með kvóta", eins og það er kallað með fussi og svei-i. Í þessari umræðu vill gleymast að veðsetning aflaheimilda er nú þegar harðlega bönnuð og hefur svo verið frá árinu 1997 þegar sett voru lög nr 75 um samningsveð. Þar segir:

Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti. (3. gr. – 4 mgr.)

blog.eyjan.is/olinath
Ólína Þorvarðardóttir

STALDRAÐU VIÐ SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



Stök námskeið á meistarastigi við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

Umsóknarfrestur er í flestum tilfellum til 12. ágúst næstkomandi.

UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

Greining á fræðsluþörfum í símenntun

GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Sálgæslufræði: Dauðinn og sorgin
Sálgæslufræði: Sálgæsla barna og unglunga

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Afleiður og áhættustýring
Alþjóðamarkaðssetning
Alþjóðaskattaréttur
Eignastýring og verðlagning
Endurskoðun - I.hluti
Endurskoðun - III.hluti
Fjárhagsupplýsingakerfi
Fjármála- og eiginfjárgerningar
Fjármuna- og félagaréttur
Fjármögnun fyrirtækja
Forysta og leiðtoginn
Greining ársreikninga
Inngangur að rekstri
Mannauðsstjórnun
Markaðsáherslur og markaðshneigð
Samkeppnishæfni
Samskipti á vinnumarkaði
Skipulag og atferli
Stjórnun og forysta
Stjórnunar- og eftirlitskerfi
Upplýsingamiðlun, áfallstjórnun og fjölmiðlun
Viðskiptasiðfræði
Vörumerkjastjórnun
Þættir í aðferðafræði
Þættir í tölfræði

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Hugtakaþróun í heilbrigðisvísindum
Klínískt námskeið í geðhjúkrun
Kroppurinn, kynlíf og kynheilsa
Mat á andlegri og líkamlegri líðan

LÆKNAEILD

Almenn tölfræði fyrir meistara- og doktorsnema
Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara-
og doktorsnema
Segulómun 2

HAGFRÆÐIDEILD

Fjármálatölfræði
Heilsuhagfræði I
Hagfræðileg ákvörðunarfræði
Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
Kostnaðar- og nytjagreining

Stefnir á Ólympíugull árið 2018

Jakob Helgi Bjarnason er einhver allra efnilegasti skíðamaður Evrópu. Hann er einungis fimmtán ára en er stigahæsti skíðamaður heims í sínum aldursflokki og skrifaði nýverið undir stóran samning við skíðaframleiðandann Atomic. Þeir sem til þekkja segja Jakob Helga hafa alla burði til að komast í fremstu röð. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** ræddi við hann í vikunni.

Garðbæingurinn Jakob Helgi Bjarnason hefur vakið mikla athygli í skíðaheiminum síðustu misseri. Hann er fimmtán ára gamall og í sínum aldursflokki er hann stigahæsti skíðamaður heims. Hann skrifaði í síðustu viku undir samning við austurríska skíðaframleiðandann Atomic og skipar sér þar með í hóp með mörgum af fremstu skíðamönnum heims. Fátítt er að svo ungir skíðamenn geri samning við Atomic en því má líkja við að knattspyrnumaður geri atvinnumannasamning við Manchester United fimmtán ára gamall.

Jakob Helgi stundaði nám í norskum skíðamenntaskóla á síðasta ári en hefur nám í Verzlunarskóla Íslands í haust. Hann verður þó áfram með annan fótinn erlendis því hann fer nær mánaðarlega í æfinga- eða keppnisferðir á bestu skíðasvæði heims.

Jakob setur stefnuna hátt og hyggst komast í fremstu röð í sinni íþrótt og stefnir óhikað á að vinna Ólympíugull á Vetrarólympíuleikunum 2018.

Samningurinn mikil hvatning

Jakob Helgi er nú kominn í hóp rúmlega 40 skíðamanna sem Atomic sér alfarið um en í þeim hópi eru meðal annarra Ólympíumeistararnir Benjamin Raich og Carlo Janka. Jakob segir samninginn gjörbreyta sínum aðstæðum og vera mikla hvatningu um að leggja enn harðar að sér.

„Þetta er auðvitað rosalegt. Ég var boðaður á fund hjá Atomic án þess að ég hefði búist við neinu. Ég hittir manninn sem heldur utan um alla keppnismennina hjá þeim og hélt að þeir ætluðu að bjóða mér nokkur frí skíði og svona. En nei, þeir vildu fá mig inn í Atomic-fjölskylduna og nú sjá þeir um allt fyrir mig,“ segir Jakob Helgi og bætir við: „Ég fæ núna bestu græjur sem völ er á sérútbúnað fyrir mig og alla þá hjálp og sérfræðilækkingu sem mig gæti vantað. Fyrst og fremst er þetta samt bara hvatning og merki um að ég sé að gera eitthvað rétt.“

Jakob Helgi hóf að æfa skíði níu ára gamall undir leiðsögn föður síns, Bjarna Th. Bjarnasonar, en hafði æft fótbolta fram að því. Bjarni var sjálfur bráðefnilegur skíðamaður á sínum tíma en hætti í íþróttinni sautján ára.

„Ég fór sem sagt að æfa skíði í janúar 2005 og komst fljótt að því að þetta lá mjög vel fyrir mér. Það voru ekki liðnir nema 20 dagar þegar ég vann mitt fyrsta mót og eftir það var ekki aftur snúið. Þetta var bara í blóðinu og svo fannst mér þetta skemmtilegra en fótboltinn þótt hann sé ágætur líka,“ segir Jakob.

Jakob keppir fyrir hönd Skíðafélags Dalvíkur en Bjarni faðir hans kemur þaðan. Jakob segir aðstæður til skíðaiðkunar vera slæmar í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og skíðar því mikið á Dalvík.

„Við eigum hús á Dalvík og förum þangað mjög reglulega. Dalvík er fyrir mér staður þar sem mér líður vel og þótt bærinn sé kannski lítil þá er hann alls ekki of lítill. Það er mjög fint og róandi að vera þarna, bæði til að slappa af og til að fara á skíði,“ segir Jakob sem bætir við að Dalvík sé mikill íþróttabær og nefnir Björgvin Björgvinsson skíðamann og knattspyrnumennina Heiðar Helguson og Atla Viðar Björnsson í því samhengi.

Lítill aðstaða á höfuðborgarsvæðinu Björgvin Björgvinsson, sem verið hefur fremsti skíðamaður Íslandinga síðustu ár, tilkynnti nýverið að hann hygðist hætta keppni á skíðum. Í fréttatilkynningu sem Björgvin sendi út við það tilefni sagði hann Skíðasamband Íslands ekki geta veitt afreksfólki þann stuðning sem nauðsynlegur væri til að komast í allra fremstu röð.

Jakob tekur undir með Björgvin og segir skorta afreksstefnu hjá sambandinu. Hann segir þó stærra vandamál hvað æfingaaðstaða sé slæm. Nauðsynlegt sé að koma upp snjövélum í Bláfjöllum eigi að gera skíðafólki á höfuðborgarsvæðinu kleift að stunda íþróttina af krafti.

Verið er að mynda þjálfarteymi í kringum Jakob þar sem fjöldi einstaklinga kemur að. Verður Björgvin Björgvinsson tæknilegur þjálfari Jakobs og ráðgjafi. Björgvin hefur leiðbeint Jakobi síðustu ár og Jakob segist líta mikið upp til hans. „Hann er mín helsta fyrirmynd og það hefur verið frábært að æfa með honum. Hann er auðvitað mjög góður á skíðum en hann er líka toppnáungi bæði í brekkunni og utan hennar. Til að bæta sig þarf maður að hafa einhvern mælikvarða eða fyrirmynd og hann hefur verið það fyrir mig,“ segir Jakob. Mest áhrif segir hann þó föður sinn hafa haft á sig.

„Hann er besti þjálfari sem ég veit um. Hann hefur farið á fjölmörg þjálfaranámskeið og þekkir minn stíl og mína tækni rosalega vel sem er mikill kostur,“ segir Jakob. Spurður hvort faðir hans hafi lagt mikla pressu á hann svarar Jakob: „Orðum það þannig að hann hafi stutt mig. Ég ræð alltaf ferðinni en hann vísar mér veginn og heldur mér við efnið. Ef ég er til dæmis að missa einbeitinguna á æfingum þá stoppar hann og ræðir við mig. Hann er vissulega strangur og með aga en hann leyfir mér að ráða ferðinni. Við áttum okkur báðir á því að þetta þarf að vera skemmtilegt til að ég geti bætt mig sem mest. Það er ekki hægt að æfa eins og brjálæðingur ef þetta er leiðinlegt.“

Síðasta vetur fluttist Jakob til Noregs með föður sínum og stundaði nám við skíðamenntaskóla þar í landi. Í vetur mun hann búa heima á Íslandi en mun samt sem áður verja miklum tíma erlendis bæði við æfingar og keppni. „Ég mun í raun vera eins mikið úti og skólinn leyfir mér. Það skiptir mig miklu á þessum tímum að æfa við toppaðstæður. Ég legg samt líka mikla áherslu á það að vanrækja ekki skólann og læri því mikið í mínum ferðalögum. Námið skiptir alveg jafn miklu máli og skíðin því ef eitthvað fer úrskaiðis vil ég ekki vera ómenntaður,“ segir Jakob.

Spurður hvort ferðalögum fylgi ekki mikill kostnaður svarar Jakob: „Ég á frábæra bakhjarla í foreldrum mínum og fjölskyldu. Þau hafa hjálpað mér ótrúlega mikið og stöðja alveg 100 prósent við bakkið á mér. Það breytir í raun öllu því oftast hætta krakkar í þessu vegna kostnaðar. Samningurinn sem ég skrifaði undir við Atomic léttir svo auðvitað undir með okkur.“

Stefnir á Ólympíugull

Jakob lýsir sjálfum sér sem allhliða skíðamanni en hann keppir í svigi, stórsvigi, risasvigi og bruni. Svig virðist þó vera sérgrein hans og hann vann til að mynda svigkeppnina á Whistler Cup í Kanada árið



JAKOB HELGI BJARNASON Jakob er í hópi efnilegustu skíðamanna heims og stefnir á þátttöku á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í Rússlandi árið 2014.

2010 en Whistler Cup er önnur af tveimur stærstu skíðakeppnum heims í hans aldursflokki. Jakob segir Whistler-fjall vera skemmtilegasta staðinn sem hann hafi skíðað á en þess má geta að skíðakeppni Vetrarólympíuleikanna í fyrra fór fram á sama svæði.

„Það var auðvitað ótrúlega gaman að sigra í þessu móti. Að

eða Austurríkis þar sem ég skíða á jöklum í rúmlega þrjú þúsund metra hæð. Hæðin gerir það virkilega erfitt og því eru þrækæfingarnar að hluta til hugsaðar sem æfingar til að ég geti æft eins undarlega og það hljómar. En auðvitað er ég líka að styrkja mig með það fyrir augum að skíða betur,“ segir Jakob.

að passa sig á að taka ekki of stór skref í einu. Lokatakmarkið sé þó að verða heimsbikarmeistari í alpagreinum og að vinna Ólympíugull.

„Ég stefni á að keppa á Ólympíuleikunum í Sotsjí 2014 til að fá reynsluna og svo 2018 til að reyna að komast á pall. Núna í vetur mun ég í fyrsta sinn keppa í Evrópubikarnum sem er svona skrefið á



Ég fæ núna bestu græjur sem völ er á sérútbúnað fyrir mig og alla þá hjálp og sérfræðilækkingu sem mig gæti vantað. Fyrst og fremst er þetta samt bara hvatning og merki um að ég sé að gera eitthvað rétt.

standa uppi á palli fyrir framán þúsundir áhorfenda og heyrast íslenska þjóðsönginn spilaðan var bara magnað. Þetta er tilfinning sem ég vil upplifa aftur,“ segir Jakob Helgi.

Jakob segist gera sér grein fyrir því að hann verði að leggja mikið á sig til að komast í fremstu röð. Hann æfi því nær daglega. „Álagið er í raun mest á haustin á undirbúningstímabilinu. Þá er ég bæði að skíða mikið en líka á þrækæfingum. Til að geta skíðað fer ég til Sviss

Spurður hvort álagið verði stundum of mikið segir Jakob að auðvitað sé þetta stundum erfitt. Maður sé mikið í burtu og missi samband við vini og kunningja. „Ég geri þetta samt með glöðu geði, ég held ekkert að grasið sé eitthvað grænna hinu megin. Auðvitað koma tímabil þar sem maður spyr sig hvort þetta sé þess virði en ég er 100 prósent viss um að þetta er það sem ég vil gera.“

Jakob er ekki hræddur við að setja markið hátt en segist ætla

undan heimsbikarnum. Svo sjáum við til veturinn þar á eftir hvort ég er tilbúinn í heimsbikarinn,“ segir Jakob og bætir við: „Stærsta markmiðið hjá öllum skíðamönnum er að vinna samanlagðan heimsbikar. Í heimsbikarnum eru 30 mót og sá sem nær bestum samanlögðum árangri er besti skíðamaður heims, það er bara þannig. Það er meiri heppni á Ólympíuleikunum því dagsformið skiptir miklu. Ég ætla nú samt sem áður að vinna Ólympíugull áður en yfir lýkur.“



**30%
afsláttur**

Límbo 3ja sæta leðursófi áður kr. 289.900 nú kr. **199.900** / 2ja sæta leðursófi áður kr. 257.300 nú kr. **179.900**



30%

Oxford leðursófi 226 cm áður kr. 347.900 nú kr. **247.900**



20%

Fama 4ra sæta sófi 257 cm - áður kr. 248.800 nú kr. **199.000**



30%

fleiri litir í boði

Hopper vasí 50 cm áður kr. 8.450 nú kr. **5.900**



allar klukkur

20%

Mr. White 50 cm áður kr. 28.900 nú kr. **23.000**



20%

Verdi leðurstóll áður kr. 136.900 nú kr. **109.500**



allir púðar á afslætti

20%

Blanch púðar áður kr. 6.750 nú kr. **5.400**

ÚTSALA



20%

Funco borð áður kr. 39.800 nú kr. **31.800**



25%

Brúnn / svartur

Metro leðurstóll áður kr. 121.900 nú kr. **91.400**



25%

Kent leðurstóll áður kr. 152.600 nú kr. **114.400**

10% afsláttur af öllum vörum í versluninni sem ekki eru á útsölu



20%

Jazz 3ja áður kr. 195.200 nú kr. **156.000** 2,5 áður kr. 181.200 nú kr. **144.900**



20%

Valencia sófi 266x168 cm - áður kr. 439.800 nú kr. **351.800**

LÍNAN

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is - Ópið mán til fös 12 - 18 Laug 11 - 16



TÁRADALUR Hungursneyð ógnar lífi milljóna manna á þurrkasvæðunum í Austur-Afríku. Tugþúsundir hafa þegar látist, þar af rúmlega 29 þúsund börn undir fimm ára aldri á síðustu þremur mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfir 29 þúsund börn undir 5 ára látin

Milljónir svelta heilu hungri á þurrkasvæðum í **Austur-Afríku**. 650 þúsund börn eru í bráðri lífshættu og hafa þörf fyrir mikla aðstoð frá alþjóðasamfélaginu. **Porgils Jónsson** kynnti sér aðstæður hinna fjölmörgu þjáðu.

Heimsbyggðin stendur nú frammi fyrir einhverju alvarlegasta neyðarástandi síðustu áratuga þar sem milljónir manna, kvenna og barna líða skort í Austur-Afríku. Hungursneyð ríkir nú í suðurhluta Sómalíu og er búist við því að ástandið versni enn frekar ef ekki kemur til aukin aðstoð frá alþjóðasamfélaginu.

Langhrjád svæði

Rúmlega tólf milljónir íbúa á hinu svokallaða Horni Afríku standa frammi fyrir matarskorti vegna verstu þurrkatíðar sem um getur í sextíu ár.

Þessi hluti heimsins hefur lengi verið viðkvæmur fyrir áföllum og hafa þau dunið reglulega yfir. Flestir muna eftir hörmungunum í Eþíópíu á níunda áratugnum og Sómalíu í upphafi þess tíunda. Yfirstandandi ástand er einmitt það alvarlegasta sem upp hefur komið

120 þúsund til viðbótar í Dollo Ado í Eþíópíu.

Straumurinn er síst að léttast, þar sem 73 þúsund manna hafa komið til Dadaab á síðustu tveimur mánuðum og 1.300 manna bætast í hópinn á degi hverjum. Þá koma um 2.000 til Dollo Ado á dag.

Þurrkar og ófriðarbál

Meginorsök þessa hörmunga er uppskerubrestur og dauði búfenda af sökum þurrka, en efnahagslegir og pólitískir þættir magna neyðina.

Uppskerubresturinn hefur leitt til gríðarlegra verðhækkana á mat og nauðsynjavörum. Til dæmis hefur verð á svokallaðri dúrru, kornjurt sem er mikið notuð í mjólgærd, hækkað um 240 prósent í Sómalíu síðasta ár.

Þá hefur mikill óstöðugleiki einkennt stjórn málaástandið í Sómalíu síðustu tuttugu ár og má segja að borgarastyrjöld geisi í mörgum af þeim héruðum þar sem ástandið er verst. Allt frá því að Siad Barre

hafa hert verulega á starfi sínu að undanförunu og vakið athygli almennings um heim allan á neyðfólks í Austur-Afríku.

UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, hefur lagt megináherslu á að aðstoð við börn sé sett í forgang. Mjólkurblöndur og hnetumauk eru nýtt fyrir vannærð börn en einnig eru börn bólusett gegn hættulegum sjúkdómum. UNICEF hefur þegar komið hundruðum tonna af hjálpargögnum til barna á neyðarsvæðunum og tugþúsund barna hafa verið bólusett gegn mislingum og mænusótt.

Þá hafa Matarhjálp Sameinuðu þjóðanna, WFP, og Alþjóða Rauði krossinn sent tugi tonna af hnetusmjöri til neyðarsvæðanna og er von á annarri sendingu á allra næstu dögum.

Loks má geta þess að Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna leggur mikla áherslu á að byggja upp aðstöðu fyrir flóttamenn í búðunum í Dadaab og reisa tjöld fyrir 7.500 manna á degi hverjum.

Þúsund manna koma í flóttamannabúðir á degi hverjum en margir láta lífið áður en þeir geta leitað sér hjálpar.

síðustu tuttugu ár og er ekki útilokað að eymdir muni aukast enn frekar.

Fjögur ríki eru á þurrkasvæðinu, Kenía, Eþíópía, Djíbútí og Sómalía, en ástandið er sýnu verst í því síðastnefnda, þar sem 3,7 milljónir af um 7,5 milljónum íbúa búa nú við matarskort.

Tugir þúsunda hafa þegar látist síðustu vikur og mánuði, þar af 29 þúsund sómalísk börn yngri en fimm ára síðustu þrjú mánuði. 640 þúsund börn til viðbótar búa við alvarlegan næringarskort.

Hundruð þúsunda hafa flúið þurrkasvæðin í suðurhluta Sómalíu og leitað aðstoðar í höfuðborginni Mogadísju og flóttamannabúðum í nágrenni. 440 þúsund hafast við í Dadaab-flóttamannabúðunum í Norður-Kenía og

var velt úr forsetastóli fyrir tuttugu árum hafa flokkar undir stjórn ýmissa stríðsherra barist um völdin. Opinber stjórnvöld í Mogadísju sitja í skjóli Afríkusambandsins en stýra í raun aðeins takmörkuðum hluta landsins. Víða hafa skæruliðahópar, meðal annars úr samtökunum al-Shabab sem hafa tengsl við al-Kaída, hindrað hjálparstarf alþjóðlegra hjálparstofnana og jafnvel meinað flóttamönnum að leita sér hjálpar.

Friðargæslusveitir Afríkusambandsins hafa undanfarna daga og vikur herjað á al-Shabab til að tryggja að hjálparaðstoð nái til borgaranna, og orðið nokkuð ágengt í þeim efnum.

Hnetusmjör bjargar lífum

Alþjóðleg samtök og stofnanir

NEYÐARMATVÆLI VEGNA HUNGURSNEYÐAR

Matarhjálp Sameinuðu þjóðanna hefur flutt 74 tonn af næringarbætta hnetusmjöru Plumpy'Sup til neyðarsvæðanna í Sómalíu. Það nægir til að fæða 28 þúsund börnum í einn mánuð. Alþjóða Rauði krossinn og UNICEF hafa einnig dreift slíku til barna á svæðinu.

Tilbúinn neyðarmatur: Hnetumauk, grænmetisolíu, sojaprótín, mysa, maltóðextrín, sykurlak, kakó, snefilefni.
Neytt beint úr pokanum



Orka í 100 gr. 545 Kcal

Supplément nutritionnel prêt à consommer (RUSF)
Nutritional rehabilitation of moderate acute malnutrition (from 6 months)

Ready-to-Use Supplementary Food (RUSF)
Nutritional rehabilitation of moderate acute malnutrition (from 6 months)

1 sachet = 500 kcal

Supplément nutritionnel prêt à consommer (RUSF)
Nutritional rehabilitation of moderate acute malnutrition (from 6 months)

Ready-to-Use Supplementary Food (RUSF)
Nutritional rehabilitation of moderate acute malnutrition (from 6 months)

1 sachet = 500 kcal

Bakteriur þrífast ekki í mat sem byggður er á olíu. Þakkingarnar eru hentugar til flutnings og geymslu lengi.



Orka í 100 gr. 380 Kcal

Fjörefnabætt blanda: Kornmeti sem blandað er með soja, belgiurtum, ollufræjum og undanrennuft. Bætt með fjörefnum og steinefnum. Blandað við vatn og eldað eins og hafragratur.

Orka í 100 gr. 446Kcal

Næringarstangir: Hveiti, grænmeti, fita, sykurlak, sojaprótín og maltþykki. Stundum mullíð út í vatn og eldað sem hafragratur.



Orkuríkt kex:

Hveitkex með prótínriku korni, grænmetisolíu, kornsýrópi og undanrennufti.

Orka í 100 gr. 450 Kcal

Heimildir: Matarhjálp Sameinuðu þjóðanna og Nutriset.

©GRAPHIC NEWS




Í öruggum höndum

Aden er þrjú ára gamall og sést hér með föður sínum Abdille í flóttamannabúðum í Kenía. Aden kom ásamt föður sínum, ömmu og tveimur systkinum í Dadaab-búðirnar fyrir viku og var þá aðframkominn af næringarskorti en hefur náð sér undraskjótt. Móðir hans lést áður en fjölskyldan komst á leiðar enda.

Ekki tekur nema tvær til fjórar vikur að hjúkra vannærðum börnum til fullrar heilsu komist þau undir hendur hjálparstafa, en kostnaður við slíka meðferð er um 1.500 krónur.

NORDICPHOTOS/AFP

HUNGURSNEYÐ BREIÐIST ÚT UM SUÐUR-SÓMALÍU



27
milljónir



BRUNADU EFTIR MILLJÓNUNUM!

Fjórfoldur 1. vinningur stefnir í 27 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)

Snuð og rammaskakkar tennur

Íþróttafréttamaðurinn **Arnar Björnsson** orti heil ósköp sem ungur maður. Ljóðskáldið **Kristín Svava Tómasdóttir** hefur nýlega öðlast umburðarlyndi gagnvart íþróttum. *Kjartan Guðmundsson* hitti rökstólarar vikunnar á dálítið drungalegum sumardeg.

Á RÖKSTÓLUM

Á rökstólum er hefðin sú að forvitnast um hversu mikið parið veit hvort um annað.

Arnar: „Ég veit nú ekki margt um þig en kannast öllu betur við karl föður þinn, tónlistarmanninn Tómas R. Einarsson. Ég er nefnilega djassgeggjari. Ég lærði að fíla djass þegar ég hlustaði á þættina hans Jóns Múla í útvarpinu í gamla daga, þóldi fyrst ekki tónlistina en Jón Múli var svo skemmtilegur að hann togaði mig inn í djassinn.“

Kristín: „Ég skil. Ég veit ekkert um íþróttir og fylgist því lítið með íþróttafréttum, svo ég veit bara við hvað þú starfar og hef séð þér bregða fyrir á skjánum.“

Arnar: „Ég leitaði nú örlítið á náðir Google til að forvitnast um þig. Þá komst ég að því að þú semur ekki alveg eins ljóð og ég var vanur að lesa þegar ég stundaði nám við Háskóla Íslands í íslensku og bókmenntum. Þar var ég meðal annars í kúrsi hjá Helgu Kress og skrifaði ritgerð um hina merku skáldkonu Guðfinnu Jónsdóttur frá Hömrum í Reykjadal. Viðfangsefni hennar voru aðeins önnur en þín.“

Kristín: „Guðfinnu Jónsdóttur þekki ég ekki. En það er eiginlega fyrst núna upp á síðkastið sem ég hef öðlast nokkurt umburðarlyndi fyrir íþróttum. Mér þótti skólakerfið og umhverfi íþróttanna ekki mjög hvetjandi í þá átt. Svo dæmi sé tekið þá byrjaði ég bara að synda fyrir nokkrum árum. Skólasundið og leikfimin voru ákveðin áföll sem tók mig mörg ár að jafna mig á. En þá fáttaði ég auðvitað að þetta er mesta snilld í heimi.“

Má ekki ala á vantrausti

Þið hafið bæði ferðast jafnt innanlands sem utan á þessu viðburðaríka sumri. Munið þið upp á hár hvar þið voruð stödd þegar ódæðin í Noregi voru framín?

Arnar: „Já, það man ég. Það er svo skrytið hvað heimurinn er orðinn lítill. Þegar þetta gerðist var ég á Húsavík. Konan mín var stödd hjá vinkonu sinni þegar dóttir vinkonunnar hringdi grátandi í mömmu sína. Hún býr í Noregi og var í næsta húsi við sprenginguna í miðbæ Óslóar. Þetta fengum við beint í æð áður en þetta var komið í fréttirnar. Þetta er atburður sem lætur mann ekki í friði.“

Kristín: „Ég var með matarboð heima hjá mér þegar þetta gerðist og boðið varð ekki jafn fjúrgt og til stóð því ég var bara við tölvuna



DIÖRFUNG OG HUGUR Ef Kristín Svava væri íþróttafréttaritari í einn dag myndi hún flytja fréttir af sundknattleik og brennóspilurum. Sem ljóðskáld myndi Arnar yrkja um fugla og fiðrildi.

og fylgdist stöðugt með fréttum. Þetta var mjög sorglegt og líka óþægilegt. Þetta var nálægt manni, krakkar á mínum aldri og yngri sem voru myrtir, sem sýnir okkur hvað við erum berskjölduð þegar einhver er nógu bilaður og hefur aðgang að þeim tækjum og tólum sem þarf til að slátra fólki.“

Arnar: „Já. Maður veltir fyrir sér hvar nokkuð þessu líkt gerist næst. En viðbrögð Norðmanna þykja mér einstök.“

Kristín: „Einmitt. Þeir virðast ná að hefja sig yfir hefningarnar og taka þessu af stillingu. En auðvitað er þetta erfitt mál og flókið. Og það er líka allt í lagi að vera reiður.“

Arnar: „Norðmenn í dag taka

öðruvísi á svona málum en forfeður þeirra á Sturlungaöld. Oft á tíðum í gegnum söguna hafa leiðtogar verið gagnrýndir fyrir að taka seint við sér, en í þessu tilfalli voru þeir sýnilegir frá fyrstu mínútu og ég dáist að því. Ég hugsu að það hafi þjappað norsku þjóðinni betur saman.“

Kristín: „Það væri hræðilegt ef þetta yrði til þess að ala á vantrausti á milli fólks. Björn Bjarnason notaði til dæmis tækifærið til að draga upp hugmyndina um íslenska leyniþjónustu sem hann hefur dreymt um áratugum saman. Þetta fátallega herblæti þykir mér ekki til mikillar þýði.“

Arnar: „Ég er ekki viss um að við hefðum tæklað þetta jafn vel og Norðmenn. Við hefðum líklega sett málið í nefnd, rætt fram og til baka, gefið út skýrslu og svo aðra skýrslu sem hefði verið gagnrýnd og svo framvegis. Ég hef bara svo ofboðslega lítið þol gagnvart stjórnálamönnum. Mér finnst þeir svo vanmáttugir og ekki standa sig í því sem þeir eiga að gera, að ég gæti trúað að yfirvöld hér hefðu lent í bullandi vandræðum með að taka á svona málum.“

Skelfilegur eiturlyfjaheimur

Breska söngkonan Amy Winehouse lést fyrir skömmu, aðeins 27 ára gömul, eftir harða baráttu við áfengis- og eiturlyfjafíkn. Fylgdust þið með ferli hennar?

Kristín: „Já. Ég er mikill aðdáandi Amy Winehouse og þykir mjög dapurlegt að hún hafi orðið svona veik. Þetta kom ekki óvænt, því fólki þykir alltaf meira spennandi að segja fréttir af bágu ástandi að gera eitthvað af viti, en hún var svo hæfileikarík og hefði getað gert svo góða hluti.“

Arnar: „Dóttir mín var hrifnari af Amy Winehouse en ég, en þar sem ég fylgist mjög vel með breskum fjölmiðlum komst ég ekki hjá því að sjá hvert stefndi

hjá henni. Átakanlegast þótti mér að sjá baráttu föður hennar við þennan skelfilega eiturlyfjaheim. Hann reyndi hvað hann gat og það situr mest í mér. Þessi barátta foreldra sem verða fyrir því að missa börnin sín út í þennan heim. Góð vinkona mín lést í vetur af völdum eiturlyfja, svo það bergmálar dálítið í mér hversu skelfilegur þessi heimur getur verið.“

Kristín: „Já. Þó er í rauninni ótrúlegt hversu miklu þessir tónlistarmenn sem létust 27 ára, eins og Janis Joplin, Jimi Hendrix, Jim Morrison og fleiri, höfðu áorkað á þessum aldri. Ég verð 27 ára seinni partinn á næsta ári og hef ekki áorkað alveg eins miklu. Það er leiðinlegt að þetta fólk hafi þurft að lifa svona hratt.“

Arnar: „Þetta er bara allt annað tímatal, eins og hjá hundum og köttum. Þessir rokkarar sem sukka svona mikið og deyja ungir eru margir í raun orðnir sextugir þegar þeir deyja því þeir lifa svo hratt.“

Bágt sálarástand plankara

Nú herma nýjustu fréttir að „plankið“ sé dauft. Í staðinn séu allir farnir að „ugla“ (láta taka myndir af sér í uglustellingum um víðan völl og dreifa á internetinu). Hvort er meira töff, plank eða ugl?

Kristín: „Ég get ekki svarað því. Ég veit að plank er til en ekki mikið meira en það.“

Arnar: „Þú verður að fara að plank, manneskja!“

Kristín: „Já. Plankið hefur ekki náð fötfestu í mínum kreðsum.“

Arnar: „Nei, sem betur fer. Í fullri alvöru, því annað eins bull og rugl hef ég ekki séð. Ég velti fyrir mér sálarástandi fólks sem birtir myndir af sér í alls kyns fátallegum stellingum, sem er rennandi niður hlíðar og allt skaddað á eftir. Þetta er bara ekki rétt. Reyndar vissi ég blessunarlega ekki hvað plank er fyrr en fyrir skömmu. Ég var að mála húsið mitt og lá uppi á

þaki. Þá benti sonur minn mér á að ég væri kominn í gott plank. Þegar ég var ungur bjuggu krakkarnir til engla í snjónum. Kannski var það forveri plankans.“

Kristín: „Já. Þegar ég var tíu eða tólf ára gekk snuðaði yfir borgina. Þá voru allir með snuð og pela og þau sem áttu lítil systkini þóttu heppin að geta gengið að slíku visu heima hjá sér. Væntanlega hafa margir fengið rammaskakkar tennur af því að japla á þessu.“

Arnar: „Ég hef líklega verið kominn af snuðaldrinum þá.“

Kristín: „Þetta þótti mjög kúl. Ég hef oft velt því fyrir mér hvaðan þetta einkennilega æði kom.“

Alþýðlegar íþróttafréttir

Að lokum. Ef þið skiptuð um hlutverk í einn dag, Arnar gerðist ljóðskáld og Kristín íþróttafréttaritari, hvað mynduð þið taka ykkur fyrir hendur?

Arnar: „Þegar ég var í Menntaskólanum á Akureyri orti ég heilan helling, meðal annars ásamt Bjarna Hafþóri Helgasyni vini mínum og mági. Ég fann mikið af þessum ljóðum fyrir ekki svo löngu og ég var alveg rammþólitískur. Þetta voru ádeiluljóð á það sem var að gerast í heiminum. Í dag yrði ég líklega ekki jafn æstur. Og örugglega ekki jafn hvassyrstur og þú, Kristín. Ég er orðinn svo mildur maður að sennilega yrðu fuglar og fiðrildi í öndvegi í ljóðunum mínum. Fegurðin og náttúran.“

Kristín: „Já, sem íþróttafréttaritari myndi ég líklega flytja alþýðlegar íþróttafréttir. Það finnst mér spennandi. Að tala við gamla fólkið í sundleikfiminu, þá sem spila brennó út um alla borg og fleiri sem stunda svona áhugamanna og óstofnanavænt sport. Meðlimi Styrmis, íþróttafélags samkynhneigðra, Africa United og þar fram eftir götunum. Það væri spennandi.“

Arnar: „Ég vind mér beint í þetta mál.“



Ég er ekki viss um að við hefðum tæklað þetta jafn vel og Norðmenn. Við hefðum líklega sett málið í nefnd, rætt fram og til baka, gefið út skýrslu og svo aðra skýrslu sem hefði verið gagnrýnd og svo framvegis.



Opið
alla daga
kl. 11–22

Uppspretta
vellíðunar

NÁTTÚRULEGT
HVERAGUFUBAÐ
GLÆSILEGAR
BAÐLAUGAR

Nánari upplýsingar:
www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana

Hverbraut 1 | 840 Laugarvatn | fontana@fontana.is | Sími: 486 1400



25% AF ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM



OG VIÐ MEINUM ÖLLUM
BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM!



AÐEINS ÞESSA HELGI



© ILVA Ísland 2011

VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjódum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða


sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500 www.ilva.is
laugardagur 10-18 sunnudagur 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19
ILVA kaffi: laugardaga 10-17 sunnudaga 12-17 mánudaga-föstudaga 11-18

shop  online



SÆTUR Í BLEIKU Þessi bleiki fjaðurhamur setti svip sinn á gönguna árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



KLIPPIKRUMLUR Skrautlegir búningar eru eitt aðalsmerki gleðigöngunnar. Líklega hefur þó sjaldan verið lögð eins mikil vinna í gervin eins og þessir gerðu árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HOTT HOTT Dýrarikið átti sinn fulltrúa í Gleðigöngunni fyrir sjö árum.

Skart og skraut í Gleðigöngum


Hinsegin dagar ná hámarki með þrettánda **Gleðigöngunni** sem fram fer í dag. *Fréttablaðið* fór í gegnum myndasafnið og fann nokkrar skemmtilegar myndir frá Gleðigöngum fyrri ára.



BORGARSTÝRAN Jón Gnarr vakti mikla lukku í draggi í göngunni á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Fiskur og fögur fjallasýn



Fjölskylduhátíðin **Fiskidagurinn mikli** á Dalvík er haldin í ellefta sinn um helgina, en um 30.000 manns heimsóttu hátíðina á síðasta ári. Af því tilefni leit *Fréttablaðið* á nokkra áhugaverða staði, söfn, náttúruperlur og fleiri hátíðir í nágrenni Dalvíkur.

1. Eyjafjarðarsveit, Sólgarður

Sverrir Hermannsson húsasmíðameistari hefur í áráraðir safnað alls kyns munum í þúsunda tali, allt frá bókamerkjum til heilu einkasafnanna af smíðaverkfærum, sem eru til sýnis við Saurbæ í vestanverðum Eyjafirði.

2. Byggðasafnið Hvoll

